

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Tulipop vel tekið
Tulipop kynnti vörur sínar á sýningunni Ambiente í Frankfurt.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

20. febrúar 2012
43. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt retriðalokrunum Capacent Gallup júl - september 2011



Edduverðlaunin

Rúnar Rúnarsson og aðstandendur myndarinnar Eldfall fengu flest verðlaun.
fólk 22

Fuglahræðan kvödd


Leiklistarneminn Sigurður Þór Óskarsson er reynslunni ríkari eftir hlutverk sitt í Galdrakarlinum í Oz.
fólk 30



Stefniur hátt

Fréttablaðið tók hús á Björgvini Páli Gústavssyni í Magdeburg.
sport 26

veðrið í dag



BJART fram eftir degi sunnan- og vestanlands en el norðan til. Fremur hægur vindur víðast hvar og kólnandi veður.

VEÐUR 4

2 dagar
til Öskudags

Sjáðu
búningana
okkar á
Facebook



Barnabúningar:
1.490, 2.990
og 4.990

PARTY BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534

Sjáanlegir áverkar óalgengir á börnum eftir kynferðisbrot

Líkamlegir áverkar á börnum sem hafa verið misnotuð kynferðislega sjást einungis í 5 til 10 prósentum tilfella. Læknir í sérfræðiteymi Barnahúss segir nauðsynlegt að framburður barna vegi þyngra en skoðunin.

SAMFÉLAGSMÁL Áverkar á börnum sem hafa greint frá kynferðislegri misnotkun eru einungis greinanlegir við læknisskoðun í fimm til tíu prósentum tilfella. Að mati Ebbu Margrétar Magnúsdóttur, sérfræðilæknis á Kvennadeild Landspítalans, ætti frásögn barnsins því að veða mun þyngra en niðurstöður úr læknisskoðun. Ebba er hluti af læknisteymi í Barnahúsi sem skoðar börn í kjölfar kynferðisofbeldis. Fleiri tugir barna eru skoðaðir þar á ársgrundvelli.

„Engu að síður er mikilvægt að læknisskoðanir séu framkvæmdar

því þá fá foreldrar og barnið sjálft að vita að allt sé í lagi,“ segir Ebba.

Að hennar mati er dómur Hæstaréttar frá 19. janúar, þar sem nauðgunarákvæði var beitt og dómur þyngdur yfir manni sem hafði misnotað þrjár stúlkur í Vestmannaeyjum í fjölda ára, tíma- mótadómur og mikilvægur fyrir starfsemi Barnahúss. Maðurinn var dæmdur til átta ára fangelsisvistar, en refsirammni vegna nauðgana er þyngrri heldur en í kynferðisbrotamálum gegn börnum.

Ebba ber oft og tíðum vitni í kynferðisbrotamálum þar sem börn eiga í hlut. „Ég er þá spurð hvort

Þeir finnast afar sjaldan og fólk má ekki gleyma því að þó svo sé, þýðir það ekki að ofbeldi hafi ekki átt sér stað.

EBBA MAGNÚSDÓTTIR
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Í BARNAHÚSI

líkamlegir áverkar hafi fundist á barninu,“ segir hún. „Þeir finnast afar sjaldan og fólk má ekki gleyma því að þó svo sé, þýðir það ekki að ofbeldi hafi ekki átt sér stað.“

Að hennar mati hefur það gerst að dómur séu mildaðir ef áverkar

finnast ekki og því sé nauðsynlegt að dómur fræðist um þessi mál, það er að segja hversu óalgengt það sé að finna áverka á kynfærum barna í kjölfar ofbeldis.

Dómur í kynferðisbrotamálum þar sem börn eiga í hlut hefur þó fjölgað á síðustu árum. Fréttablaðið greindi frá því í desember í fyrra að árið 2010 sat 21 barnaniðingur í fangelsi, en árið 2001 sat einn inni. Fagræð innanríkisráðuneytisins um kynferðisbrot vill að ráðherra láti kanna hvernig eftirliti með dæmdum brotamönnum með barnagirnd á háu stigi geti verið háttátt til þess að tryggja öryggi barna. - sv



GÓU FAGNAÐ MEÐ BLÓMUM Finnur Björnsson var einn þeirra fjölmörgu karlmannna sem í gær lögðu leið sína í Blómatorgið við Hringbraut til að gleðja konu með blómum á konudag, þann fyrsta dag Góumánaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjórnarformaður FME: Óvissa um uppsögn Gunnars

STJÓRNÝSÝSLA Stjórn Fjármálaeftirlitsins tilkynnti Gunnari Andersen, forstjóra, á föstudag að til standi að segja honum upp störfum. Byggir sú ákvörðun á álitseröð um hæfi Gunnars sem Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður, og Ásbjörn Björnsson, endurskoðandi, unnu nýverið.

Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME, segir málið ennþá í ferli. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um að segja Gunnari upp og óvist sé hvort sú ákvörðun verði tekin.

Stjórn félags forstöðumanna ríkisstofnanna ályktaði í gær að óvæginn aðför hefði verið gerð að Gunnari. Aðspurður hvort hann tæki undir þá fullyrðingu svaraði Gunnar: „Hvernig get ég verið ósammála því?“ - mþl / sjá síðu 4



GUNNAR P. ANDERSEN

Efnahags- og viðskiptanefnd fundar með Samtökum fjármálfyrirtækja í dag:

Samstaða um skuldaleiðréttingu

EFNAHAGSMÁL Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis mun funda með fulltrúum Samtaka fjármálfyrirtækja í dag til að fara yfir nýfallinn dóm Hæstaréttar um gengistryggð lán. Nefndin fundaði með fulltrúum bankanna á föstudag þar sem einnig var hreyft við málinu.

Helgi Hjörvar, formaður nefndarinnar, segir að kallað verði eftir viðbrögðum fleiri aðila eftir að fjármálfyrirtækin ákveða með hvaða hætti dómurinn verði túlkaður. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu á miðvikudag að lánastofnanir máttu ekki rukka



HELGI HJÖRVAR

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

lántaka um seðlabankavexti fyrir gengistryggð lán fyrir þann tíma sem liðinn var áður en lánin voru dæmd ólögleg.

„Ég held að það sé allnokkuð

síðan að það myndast þverpólitísk samstaða um að draga úr vægi verðtryggingarinnar,“ segir Helgi. „Og það sama er að gerast hvað varðar almennar aðgerðir gagnvart þeim sem tóku verðtryggð lán.“

Helgi og Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, voru í Silfri Egils í gær þar sem meðal annars var rætt um dóminn. Báðir sammæltust um að þverpólitísk samstaða væri að skapast um það að bæta stöðu þeirra með almennum hætti sem tóku verðtryggð lánin.

- sv

Heimilis
RIFINN OSTUR



SPURNING DAGSINS



Hólmkell, er barnalán betra en fé?

Já, blessun vex með barni hverju sem les.

Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður er ánægður með þá fjölgun útlána á barnabókum sem hefur orðið að undanförmu á Amtsbókasafninu á Akureyri.



Í HÚSDÝRAGARÐINUM Borgaryfirvöld vilja nýta frekar húsdýragarðinn og umhverfi hans í skólalastarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skólayfirvöld í Reykjavík:

Vilja nýta Húsdýragarðinn

SKÓLAMÁL Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hyggst skipa starfshóp til að greina hvernig nýta megi húsdýragarðinn og umhverfi hans í Laugardal til fræðslustarfs með börnum og unglingum.

Í frétt á heimasíðu Reykjavíkurborgar er vitnað í greinargerð með tillögu Samfylkingar og Besta flokks þar sem segir að á fundum starfsmanna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, kennara og skólastjórnenda á liðnu hausti hafi það verið „sameiginleg sýn að nýta mætti garðinn enn betur til að flétta saman skólalastarfi og markmið aðalnámskrár“.

Með þessu móti mætti efla fræðslu um líffræði og umhverfismál og raunvísindi almennt.

Slagsmál fanga í Mexíkó:

Á fjórða tug létust í átökum

MEXÍKÓ Að minnsta kosti 38 fangar létu lífið í Norður-Mexíkó eftir að átök brutust út í Apodaca fangelsinu. Yfirvöld öryggismála segja að fangavörðum var mútað eða þvingaðir til að opna dyr milli álma innan fangelsins.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem blóðug átök brjótast út í fangelsi í Mexíkó en í janúar lét 31 fangi lífið í uppgjöri milli gengja í Altamira fangelsinu.

Forseti Íslands hefur enn ekki upplýst þjóðina hvort hann muni áfram gefa kost á sér í embætti:

Þingmenn gagnrýna þögn Ólafs Ragnars

FORSETI Forseti Íslands verður að fara að gefa upp hvort hann ætli að gefa kost á sér til endurkjöris í sumar eða ekki. Þetta er mat Kristján Þórs Júlíussonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, og Róberts Marshall, þingmanns Samfylkingar. Framboðsfrestur rennur út þann 26. maí næstkomandi.

Fjölmíðlar hafa ítrekað reynt að ná sambandi við Ólaf Ragnar að undanförmu, en án árangurs. Órnólfur Thorsson forsetaritari segir fyrirspurnir fjölmíðla varðandi mögulegt endurkjör forseta ekki fara í gegn um skrifstofuna.

„Það eru margir míðlar sem hafa farið fram á viðtöl en ég veit ekki hvort hann hafi hugsað sér að tala við einn miðil.

Hann mundi þá frekar tala við marga í einu,“ segir Órnólfur. Ólafur Ragnar vildi ekki koma í viðtal við Fréttablaðið.

Kristján sagði í Silfri Egils í gær að það sé vart boðlegt lengur að biða þess að Ólafur Ragnar Grímsson forseti taki af allan vafa um hvort hann gefi kost á sér í forsetakosningum í sumar eða ekki.

Róbert segir forsetann ókurteisan að vera ekki búinn að skýra hvort hann muni sækjast eftir forsetastólnum áfram, einum og hálfum mánuði eftir nýársávarp sitt.

Samkvæmt nýlegri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar tvö vill rúmlega helmingur landsmanna að Ólafur sækist eftir endurkjöri.



SÍÐASTA ÁR ÓLAFS RAGNARS? Frestur til að gefa kost á sér til forseta í næstu kosningum rennur út í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

Þakhýsi dæmt niður en komið upp aftur

Hjón í Grafarvogi höfðu nýtt dómsmál vegna þakhýsis sen nágrannar fjarlægðu 2008 eftir dóm Hæstaréttar í kjölfar málareksturs hjónanna. Deiliskipulagi var síðar breytt. Þakhýsið er nú aftur komið á sama stað – ofan á húsi nágrannana.

DÓMSMÁL „Það þarf ekki síst að vekja athygli á þessum yfirgangi hjá borginni,“ segir Arngunnur R. Jónsdóttir, sem enn á ný glímur við þakhýsi sem nágrannar höfðu áður fjarlægð eftir dóm Hæstaréttar en hafa nú sett upp aftur í kjölfar breytinga á deiliskipulagi í Húshverfi í Grafarvogi.

Eigendur Suðurrúsa 4 komu fyrir viðbyggingu á þaki húss síns í ágúst 2006. Borgin hafði gefið út byggingarleyfi án þess að sinna því að setja framkvæmdina í grenndarkynningu. Því gafst nágrönnum ekki tækifæri til að gera athugasemdir við þakhýsið. Í ljós kom að viðbyggingin var í andstöðu við þágildandi deiliskipulag. Eigendur Suðurrúsa 4 létu því hífa bygginguna af húsi sínu í desember 2008.

„Það gengur aldrei frá þakinu að fullu – eins og þau gerðu ráð fyrir að viðbyggingin kæmi aftur á sama stað. Síðan fór borgin í að breyta deiliskipulaginu í hverfinu. Í því fólst að þau gætu sett þakhýsið upp aftur,“ segir Arngunnur og undirstrikar að við deiliskipulagsbreytinguna hafi eingöngu verið horft til aukins fermetra fjölda en ekki til þess hvort byggt væri upp eða til hlíðar eða hvernig götumyndin yfirleitt ætti að vera.

Um miðjan ágúst í fyrra var þakhýsið komið upp að nýju. Arngunnur og maður hennar kærdi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem ekki varð við kröfu þeirra um að ógilda nýja deiliskipulagið. Nefndin sagði gamla skipulagið aldrei hafa verið virt sem skyldi. Áhrifin gagnvart Suðurrúsum 2 væru ekki slík að leitt gæti til ógildingar.



Í SUÐURHÚSUM 2 Hjónin í Suðurrúsum 2 fengu því áorkað með atbeina Hæstaréttar að þakhýsi nágranna þeirra var tekið niður. Nú er það komið upp aftur og blasir við þeim út um borðstofugluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



DÆMD OFAN AF HÚSINU Viðbyggingin í Suðurrúsum 4 var fjarlægð í desember 2012. MYND/STÖÐ 2

Arngunnur segir lögfræðing sinn á annarri skoðun. Í lögnum sé skýrt að ekki megi breyta skipulagi til samræmis við þegar gerðar framkvæmdir sem ekki hafi uppfyllt lagaskilyrði. Málið er nú aftur komið til dómstóla.

Nornaveiðar í Asíu:

Kona brennd lifandi í Nepal

NEPAL Tveggja barna móðir lést eftir að hafa verið brennd lifandi í Nepal á föstudaginn. Það voru fjölskyldumeðlimir konunnar sem réðust að henni og kveiktu í en þau höfðu hana grunaða um að leggja álag á veika ættingja sína. Lögreglan í Nepal handtók tíu manns, þar af fimm konur og einn átta ára strákur. Öll hafa þau játað og verða kærð fyrir morð.

Nágrannar konunnar gerðu lögreglunni viðvart en samkvæmt þeim var konan laminn með prikum og steinum áður en hún var brennd. Yfirvöld í Nepal ætla að gefa börnum konunnar tæpar tvær milljónir íslenskra króna í skaðabætur.

Íran hættir að selja olíu:

Íran lokar á Breta og Frakka

ÍRAN Íran hefur ákveðið að stöðva sölu á olíu til breskra og franskra fyrirtækja. Þetta tilkynnti olíu-málaráðherra Írans í gær og segir á heimasíðu ráðuneytisins að Íranir ætli að einbeita sér að því að selja olíu til nýrra viðskiptavina.

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa áður samþykkt að hætta innflutningi á olíu frá Íran frá og með 1. júlí næstkomandi. Sú ákvörðun var tekin til að þrýsta á Írani að hætta tilraunum sínum með kjarnorkuvopn. Kjarnorkustofnun Sameinuðu þjóðanna telur sig hafa upplýsingar um að Íranir séu að þróa slíkt vopn en því hafa þeir alfarið neitað.

NÁTTÚRA

Farfuglarnir komnir

Fyrstu farfuglarnir eru komnir til landsins. Hópur Seltamára sást þann 10. febrúar við Seljamarnes og í gær sást einn fullorðinn sílamáfur við Hornafjörð. Þetta er heldur snemmt fyrir fuglana að leita hingað til lands, er fram kemur á vefnum fuglar.is.

Mjög jákvæð viðbrögð við umfjöllun Fréttablaðsins um sparnað barna:

Margir kannað stöðu barnasparnaðar

SKATTAMÁL „Við höfum fengið mikil og jákvæð viðbrögð við þessari frétt. Fjöldi fólks hefur haft samband og spjallað við okkur um þetta í kjölfarið,“ segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, eignastýringar-þjónustu Íslands-banka.



BJÖRN BERG GUNNARSSON

Þar vísar Björn til umfjöllunar sem birtist í Fréttablaðinu í byrjun febrúar þar sem fjallað var um valmöguleika fólks þegar kemur að sparnaði barna. Í fréttinni benti Björn á að skynsamlega gæti verið að geyma sparnað barna í verðbrefasjóðum, til dæmis ríkisskuldabrefasjóðum, fremur en á bankabók. Þannig mætti auka vaxtavexti og minnka greiddan fjármagnstekjuskatt.

Björn segist ekki vera í aðstöðu til að sjá hvort margir hafi beinlínis flutt sparnað sinn en segir þó ljóst að margir hafi farið að velja þessum hlutum fyrir sér í kjölfarið.

„Sumir vildu spjalla við okkur um skynsamlegustu sparnaðarleiðirnar. Aðrir vildu kanna hvar sparnaður barna þeirra væri geymdur og enn aðrir

vildu ganga úr skugga um að hann væri alveg örugglega í ríkisskuldabrefasjóðum,“ segir Björn. Hann segir mikilvægt að skoða vel þá valmöguleika sem séu til staðar þegar sparað sé til langs tíma. Litill vaxtamunur og áhrif skatta geti þá breytt miklu.

Bankabók ekki alltaf besta geymsla sparnaðar barna

Infographic comparing bank savings and government bonds for children. It shows that government bonds (Ríkisskuldabreyting) offer higher returns than bank savings (Bankabók) over time.

Advertisement for Bolludagsbragðið (Bolludays Bragðið) featuring a large image of a bun and a box of Rjómi cereal. Text includes 'Fáðu þér rjóma inn á milli' and 'Mjög jákvæð viðbrögð við umfjöllun Fréttablaðsins um sparnað barna'.

Velkomin á opnunar- hátíð á Kirkjusandi

Bollur,
kleinur,
vöflur, kaffi,
djús o.fl.

Eurovision-
stjórnurnar
Greta Salóme
og Jónsi

Söngvaborg
og Georg

ENNEEM / SIA / NW50592

Útibú Byrs í Borgartúni flytur á Kirkjusand - Allir velkomnir!

Af því tilefni bjóðum við þér að kíkja í bollukaffi og fagna með okkur í dag í nýuppgerðu húsnæði á Kirkjusandi. Við höfum opið til kl. 18.00 í dag.

Dagskrá

- 14.30 & 16.30 Söngvaborg og Georg
- 15.00 & 16.00 Jónsi og Greta Eurovisionfarar



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Nýr Yaris.

Hannaður með framtíðina í huga.



ISLENSKVAUSTOYOTA 0212



NÝR YARIS ER LEIÐANDI BÍLL.

Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturs-
tölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota Touch & Go, bakkmyndavél, sjö loftpúðum og eldsneytis-
nýtingu frá 3.91 á 100 km auðveldar þér vegferðina. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is/yaris
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Búnaðurinn í bílnum í þessari auglýsingu getur í einhverjum tilvikum verið frábrugðinn því sem í boði er hér á landi.

SPRENGIDAGURINN ER Á MORGUN

Saltkjöt og baunir

45% minna salt – Sama bragð

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sérílagi þá sem hafa hækkaðan blóðþrýsting og/eða eru yfir kjörþyngd. Kjötmeistarar Hagkaups mæla með sérverkuðu saltkjöti frá Íslandslambi, þar sem verulega er dregið úr notkun matarsalts án þess að það komi niður á bragðgæðum.

TILBOÐ

SALTMINNA
SALTKJÖT
BLANDAÐ

998 kr/kg.

Verð áður 1.149.-

TILBOÐ

SALTMINNA
SALTKJÖT
VALIÐ

1.998 kr/kg.

Verð áður 2.198.-

SALTMINNA SALTKJÖT
45% minna salt



BAUNASÚPA - UPPSKRIFT

Baunir eru lagðar í bleyti yfir nótt og skolaðar áður en þær eru settar í pottinn.

Uppskrift

1,4-1,5 kg saltkjöt
400 g baunir
2,8 lítrar vatn
200 g saltað flesk
50 g bacon
1 stór laukur
500 g kartöflur
500 g rófur
250 g gulrætur

Baunir eru skolaðar og settar í pott með vatninu ásamt lauknum sem er búið að flysja og skera í bita ásamt fleskinu, baconi og kjötinu og soðið við vægan hita í ca. 60 mín. Það þarf að hræra í pottinum og fleyta af öðru hverju. Þá er sett út í kartöflurnar, rófurnar og gulrætur og soðið áfram við væga suðu í ca. 30 mín. Saltað eftir smekk ef þurfa þykir.

BAUNASÚPA
Í TVEGGJA LÍTRA FÖTU

BAUNASÚPA
ÞARF AÐEINS
AÐ HITA

1.598 kr/2lítrar.

SPRENGITILBOÐ!

TILBOÐ

LAMBAHRYGGUR
FROSINN

1.498 kr/kg.

Verð áður 1.798.-

TILBOÐ

LAMBALÆRI
FROSID

1.198 kr/kg.

Verð áður 1.398.-



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1. Hvert er íslenska heiti sjúkdómsins endómetríósu?
2. Hvað heitir yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins?
3. Hvaða íslensku hljómsveit tengist Ana Maria Unnsteinsson fjölskylduböndum?

SVÖR:

1. Legslimurflak 2. Kristín Sigurðsson 3. Rætro Stegson

Sjúklingar í Svíþjóð varkárir: Sífelld fleiri láta loka rafrænum sjúkraskrá

SVÍÞJÓÐ Sífelld fleiri íbúar í Stokkhólmi fara fram á að rafrænum sjúkraskrá um þá sé lokað. Árið 2009 voru þeir 416 en 2.222 í fyrra. Alls hefur 4.193 rafrænum sjúkraskrá verið lokað að beiðni sjúklinga, þar af 60 prósentum á sviði geðlækninga.

Kerfið er talið auka öryggi í meðferð sjúklinga þar sem heilbrigðisstarfsmaðurinn getur séð allar fyrri sjúkdómsgreiningar viðkomandi í því.

Samkvæmt sænskum lögum á að gera sjúklingum ljóst um hvað rafræna sjúkraskrákerfið snýst. Sjúklingar eiga einnig rétt á að vita að þeir geti stöðvað upplýsingaflæðið, að því er segir á fréttavef Dagens Nyheter.

- ibs

Rannsóknarhópur LSH og HÍ fær stóran styrk frá lyfjarisanum GlaxoSmithKline:

Rannsaka áhrif bólusetningar

HEILBRIGÐISMÁL Hópur sérfræðinga á Landspítala og við Læknadeild Háskóla Íslands hefur hlotið stóran styrk til að rannsaka áhrif bólusetningar gegn alvarlegum sýkingarvaldi — bakteríutegund sem veldur algengum sýkingum eins og eyrnabólgu, lífshættulegum blóðsýkingum og heilahimnu- og lungnabólgu.

Fyrirhugað er að rannsaka ýmsa þætti í faraldsfræði bakteríunnar — pneumókokka — og áhrif bólusetninga gegn þeim á heilsu manna, sýklalyfjaofnæmi, kostnað og útbreiðslu. Rannsóknin á að standa



BÓLUSETNING Foreldrar árgamalla barna geta fengið fría bólusetningu gegn bakteríu sem veldur eyrnabólgu, alvarlegum blóðsýkingum og heilahimnu- og lungnabólgu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í þrjú ár og kostnaður er áætlaður nálægt einni milljón evra, eða 160 milljóna íslenskra króna. Lyfja-

risinn GlaxoSmithKline (GSK) greiðir kostnaðinn með styrk. Rannsóknin hafði fyrr fengið styrk frá Vísindasjóði Landspítala.

Um nokkurra ára skeið hefur verið til bóluefni gegn nokkrum algengum tegundum þessarar bakteríu sem hefur verið notað í mörgum löndum Evrópu og í Bandaríkjunum með góðum árangri. Á síðastliðnu ári hófust sambærilegar bólusetningar gegn pneumókokkum á Íslandi með bóluefni frá GSK og er nú öllum börnum á fyrsta aldursári boðin slík bólusetning að kostnaðarlausu.

- shá

Landsvirkjun úthlutar:

Nám og rannsóknir styrkt

RANNSÓKNIR Landsvirkjun hefur úthlutað 58 milljónum úr Orku-rannsóknasjóði sínum. Þetta er í fimmta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en markmið hans er að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála.

Sex doktorsnemar og tíu meistaranemar hlutu styrki að upphæð 11 milljónir króna. Þá var 47 milljónum króna úthlutað til rannsóknarverkefna, bæði nýrra verkefna sem og framhaldsstyrkir til verkefna sem þegar hafa verið styrkt.

- shá

Fjölbreytt verkefni í miðlun upplýsinga og kennslu:

Landhelgisgæslan berst gegn sjóræningjaveiðum

ÖRYGGISMÁL Landhelgisgæslunni hefur borist beiðni frá samtökum Mið-Ameríkuríkja um aðstoð vegna baráttu þeirra við ólöglegar fiskveiðar. Beiðni er um aðstoð við að útfæra eftirlit og vöktun en vegna sérþekkingar sinnar fær Gæslan reglulega boð víða að úr heiminum þar sem óskað er eftir kennslu og fyrirlestrum varðandi uppbyggingu, skipulag og árangur á eftirlits- og vöktunarkerfum.

Gylfi Geirsson, sérfræðingur hjá Gæslunni, mun taka að sér kennslu í Hondúras nú í vikunni en hann tók að sér hliðstæða kennslu í Zaragoza á Spáni árið 2011. Námskeið hans útskýrir notkun kerfanna við eftirlit á hafinu, almenna landhelgisgæslu, fiskveiðieftirlit, landamæraeftirlit, eftirlit með hvers konar



Á REYKJANESHRYGG 2006 Lengi vel fór mikill tími í að vakta miðin út af Reykjanesi.

MYND/LHG

ólöglegri starfsemi, neyðarþjónustu sem og leit og björgun. Mun Gylfi einnig fjalla um NEAFC (North East Atlantic Fisheries Commission) og árangur samtakanna í baráttu við ólöglegar (IUU) fiskveiðar á NA-Atlantshafi, en hann er jafnframt formaður fiskveiðieftirlitsnefndar samtakanna.

- shá



ATVINNUTORG REYKJAVÍKUR OPNAÐ Jón Gnarr, borgarstjóri, og Guðbjartur Hannesson, velferðarráðgjafi, voru við opnun atvinnutorgs Reykjavíkur sem er til húsa að Kringlunni 1.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Atvinnulaust ungt fólk fær starfsreynslu

Fjögur sveitarfélög hyggjast veita ungu fólki á bótum starfsreynslu með tímabundnum störfum. Forstjóri Vinnuálastofnunar segir sértæk úrræði hafa borið árangur og fagnar framtakinu.

VINNUMARKAÐUR Vinnuálastofnun og velferðarráðuneyti í samstarfi við Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ og Reykjanesbæ kynntu fyrir helgi nýtt vinnumarkaðsúrræði sem er beint að ungu fólki á bótum. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir mikilvægt að koma til móts við þetta fólk sem hafi í mörgum tilfellum aldrei hlotið reynslu af vinnuarkaði.

„Við viljum ná til þessa hóps og sjá til þess að þetta verði virkir einstaklingar á vinnuarkaði,“ segir Gissur og heldur áfram: „Við teljum mikilvægt að koma þessu fólki í vinnu eða starfsþjálfun svo þetta verði ekki bara framtíðarskjólstæðingar velferðarkerfisins.“

Svokallað atvinnutorg fyrir atvinnuleitendur á aldrinum 16 til 25 ára var opnað í gær. Þangað getur ungt fólk í atvinnuleit leitað og fengið einstaklingsmiðaða ráðgjöf við atvinnuleitina. Þá munu svið, stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaganna bjóða ungmennum til sín í starfsþjálfun eða þá í tímabundin störf sem gefa eiga þeim tækifæri til að öðlast starfsreynslu.

Við teljum mikilvægt að koma þessu fólki í vinnu eða starfsþjálfun svo þetta verði ekki bara framtíðarskjólstæðingar velferðarkerfisins.

GISSUR PÉTURSSON
FORSTJÓRI VINNUMÁLASTOFNUNAR

úrræði sem miðaði að því að koma atvinnuleitendum í nám og hins vegar úrræði sem var ætlað til þess að styðja við fólk með skert starfshlutfall.

Gissur segir það ljóst að úrræðin hafi skilað tilætluðum árangri. „Námsúrræðið lukkaðist mjög vel. Þetta eru um þúsund einstaklingar sem fóru af atvinnuleysis-skrá nú um áramótin sem hafa þá haldið áfram í námi eftir fyrsta misserið. Komid hefur í ljós að brottfall meðal þessara nemenda hefur verið miklu minna en hjá öðrum nemendum,“ segir Gissur og bætir við að hitt úrræðið hafi einnig skilað talsverðum árangri. Það hafi þó alltaf verið hugsað til bráðabirgða og nú hafi það verið metið sem svo að tími væri kominn til að leyfa því að renna út.

Loks segir Gissur að þó aukinn kraftur hafi verið að færast í vinnuarkaðinn á síðustu mánuðum sé tími sérstakra úrræða fyrir atvinnuleitendur ekki liðinn. Enn hafi rúmlega fimm þúsund manns verið án atvinnu í meira en tólf mánuði og forgangsríði sé að koma til móts við þennan hóp.

magnusi@frettabladid.is



Stjórn Stafa lífeyrissjóðs boðar til sjóðfélagafundar á Grand hóteli við Sigtún í Reykjavík þriðjudaginn 21. febrúar 2012 kl. 17:10.

Tilfni fundarins er nýbirt skýrsla um úttekt á fjárfestingum, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins 2008.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum um efni skýrslunnar, sem er að finna á heimasíðunni stafir.is/sjodurinn/frettir/nr/253.

Kaflinn um Stafi hefst á bls. 115 í 4. bindi skýrslunnar.

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

STAFIR
LÍFEYRISSJÓÐUR

Grand Hótel 23. febrúar

Íslenska upplýsinga- öryggisráðstefnan 2012

Upplýsingaöryggi eykur rekstraröryggi

Paula Januszkiewicz • Elvar Steinn Þorkelsson
Andy Malone • Theódór R. Gíslason
Ólafur R. Rafnsson

Capacent og Promennt halda ráðstefnu um upplýsingaöryggi á Grand Hótel fimmtudaginn 23. febrúar

Á ráðstefnunni munu sérfræðingar Capacent ásamt hinum alþjóðlega virtu fyrirlesurum **Paula Januszkiewicz** og **Andy Malone** fjalla um það hvernig aukið upplýsingaöryggi eykur rekstraröryggi.

Þetta er annað árið í röð sem Íslenska upplýsingaöryggisráðstefnan er haldin en að þessu sinni er áherslan m.a. á öryggi þráðlausra neta, þær ógnir sem aukin notkun rafrænnar auðkenningar getur valdið og áhrif tölvuskýja á upplýsingaöryggi.



Paula Januszkiewicz



Andy Malone



Elvar Steinn Þorkelsson



Theódór R. Gíslason



Ólafur R. Rafnsson

Dagskráin:

- 08:00 Skráning og morgunverður
- 09:00 **Setning:** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra
- 09:15 **Mesta rekstrarógn samtímans?** Elvar Steinn Þorkelsson
- 10:00 **Information Leakage vs. Google Search** Paula Januszkiewicz
- 10:45 Kaffihlé
- 11:00 **Identity Controversies** Paula Januszkiewicz
- 12:00 Hádegismatur
- 12:30 **Lock Stock & Two Smoking Smart Devices** Andy Malone
- 14:00 Kaffihlé
- 14:15 **Sýnidæmi: WPA2 - eru þráðlaus net böl?** Theódór R. Gíslason
- 15:00 **Búa íslensk fyrirtæki við falskt öryggi?** Ólafur R. Rafnsson
- 15:45 Ráðstefnuslit

Ráðstefnan er haldin á Grand Hótel, fimmtudaginn 23. febrúar
kl. 9:00-15:45. Þátttökugjald er kr. 19.900.- Skráning fer fram á
www.promennt.is eða í síma **519 7550**.

FRÉTTASKÝRING: Fjölmiðlar og friðhelg einkalífs

Jafnvægiskúnst dómaraanna



MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU Dæmir á grundvelli Mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950. NORDICPHOTOS/AFP

Prír úrskurðir Mannréttindadómstólsins

Karólínúmálið 2004

Dómurinn frá 2004 snýst um myndbirtingar í þremur þýskum tímaritum, Freizeit Revue, Bunte og Neue Post árin 1993 og 1997. Myndirnar eru teknar við ýmis tækifæri, þar sem hún var á veitingastöðum, í skíðaferðalagi, útreiðar-túr, á reiðhjólí eða á ströndinni, ýmist með leikaranum Vincent Lindon eða með Ernst August von Hannover, sem síðar varð eiginmaður hennar, og stundum einnig með börnum hennar frá fyrra hjónabandi.

Karólína prinsessa kærði þessar myndbirtingar en dómstólar í Þýskalandi töldu ekkert athugavert við þær. Mannréttindadómstóllinn komst hins vegar að annarri niðurstöðu og taldi myndbirtingarnar brot gegn friðhelgi einkalífs prinsessunnar, með þeim rökstuðningi að „birting umræddra ljósmynda og blaðagreina, sem höfðu þann eina tilgang að svara forvitni ákveðins lesenda-hóps, geti ekki talist framlag til neinnar umræðu sem varðar almannahag í samfélaginu þrátt fyrir að stefnandiinn sé þekktur meðal almennings.“

Karólínúmálið 2012

Seinna Karólínúmálið snýst um myndbirtingar í þýsku tímaritunum Frau im Spiegel og Frau Aktuell á árunum 2002 til 2004. Á myndunum sést Karólína ásamt eiginmanni sínum að njóta lífsins í skíðaferðalögum í Sviss eða Austur-riki meðan faðir hennar, Rainer fursti, var alvarlega veikur heima í Mónakó.

Karólína og eiginmaður hennar kærðu þessar myndbirtingar og vísuðu til dómstóls frá 2004 máli sínu til stuðnings. Aftur tóku þýskir dómstólar málaða fjölmiðlana gegn Karólinu, reyndar aðeins að hluta, og að þessu sinni tók Mannréttindadómstóll Evrópu undir það. Rökstuðningurinn er sá að veikindi Rainers fursta hljóti að teljast „samfærðingur sem tímaritinn hafi heimild til að skýra frá“, og þá sé heldur ekkert athugavert við að birta umræddar ljósmyndir með þeirri umfjöllun „vegna þess að þær styðja og myndskreyta þær upplýsingar sem komið er á framfæri.“

Mál leikarans Bruno Eyrón 2012

Þýski leikarinn Bruno Eyrón, sem var þekktur í Þýskalandi fyrir að leika lög-regluföringjann Balko í samnefndri sjónvarpsþáttaröð, var handtekinn á Októberhátið í München árið 2004 fyrir að vera með 0,23 grömm af kókaini í fórum sínum. Fréttir af þessu birtust nokkrum dögum síðar, fyrst í dagblaðinu Bild, sem þekkt er fyrir að leggja áherslu á æsifréttir, og strax á eftir í flestum öðrum fjölmiðlum, sem vitnuðu þá í fréttina úr Bild. Tæpu ári síðar, þegar dómur var fallinn, birti Bild aðra frétt þar sem skýrt var frá því að Eyrón hefði játað að hafa notað kókain og að hann hafi verið dæmdur til að greiða 18 þúsund evrur í sekt.

Eyrón fór í mál við dagblaðið Bild og þýskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að í þessu tilfalli vegi persónuréttindi leikarans þyngra en réttur almennings til að fá upplýsingar, jafnvel þótt rétt hafi verið sagt frá, enda hafi hann hvorki verið mjög þekktur né heldur geti glæpurinn talist mjög alvarlegur þegar lítið er til þess að hann hafi verið með lítið magn af fíkniefninu á sér, auk þess sem sambærilegir glæpir geti ekki talist óalgengir.

Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þveröfugri niðurstöðu, með þeim rökum meðal annars að almenningur eigi „rétt á því að fá upplýsingar – og að geta aflað sér upplýsinga – um sakamál, sé þess stranglega gætt að gera ráð fyrir sakleysi.“

Mannréttindadómstóll Evrópu ítrekar í tveimur nýlegum dómum þá afstöðu sína að brot gegn friðhelgi einkalífs með mynd- og nafnbirtingum í fjölmiðlum geti átt fullan rétt á sér þegar efnið varðar almannahag. Þegar tilgangurinn er sá einn að svara forvitni lesenda vegur vernd einkalífs þó þyngra.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að þýskum slúðurtímaritum hafi verið heimilt að birta greinar og ljósmyndir af Karólinu Mónakó-prinsessu þar sem hún er í frí með eiginmanni sínum og börnum. Sömu leiðis hafi þýska síðdegisblaðinu Bild verið heimilt að birta fréttir og ljósmyndir af þýska leikaranum Bruno Eyrón, sem hafði verið handtekinn fyrir að vera með fíkniefni í fórum sínum.

Þessir dómur virðast kannski stangast á við frægan úrskurð sama dómstóls frá árinu 2004, svokallaðan Karólínudóm, þar sem myndbirtingar og frásagnir af einkalífi Karólínu prinsessu voru sagðar stangast á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs.

Munurinn

Skýringin liggur hins vegar í því að árið 2004 gat dómstóllinn ekki séð að umfjöllun um einkalíf Karólinu ætti neitt sérstakt erindi við almenning, en í seinni úrskurðinum er umfjöllun um einkalíf hennar sögð snerta umræðufni, sem óneitanlega varðar almenning: nefnilega heilsubrest Rainers fursta, föður Karólinu prinsessu, en hann var þá þjóðhöfðingi í Mónakó. Sömu leiðis er umfjöllun fjölmiðla um einkalíf leikarans Eyrón sögð varða efni, sem almenningi kemur við, nefnilega opinber sakamál.

Í nýju dómunum, sem kveðnir voru upp 7. febrúar síðastliðinn, ítrekar dómstóllinn beinlínis þá afstöðu sína, sem útlistuð er í dómnum frá 2004, að tjáningarfrelsið réttlæti ekki umfjöllun fjölmiðla um einkalíf fræga fólksins ef tilgangurinn er sá einn að svara forvitni lesenda. Brot gegn friðhelgi einkalífs sé hins vegar réttlæt看legt ef umfjöllunin getur talist framlag til umræðu sem varðar hag almennings.

Áhrif dómanna

Útgefandi þýska dagblaðsins Bild, sem birti fréttir af leikaranum sem gripinn var með fíkniefni, fagnaði niðurstöðu Mannréttindadómstólsins: „Fræga fólkid getur ekki lengur sóst eftir opinberri umfjöllun þegar það hentar þeim að nota fjölmiðlana í þágu sjálfs sín og ferils síns, en svo látið banna fréttaflutning af sér þegar það hefur gerst brotlegt við lög.“ segir Claas-Hendrik Soehring, yfirmaður hjá Axel Springer forlaginu í Berlín, sem gefur út Bild.

Afstaða dómstólsins styrkir því greinilega harðsnúinn fréttaflutning af fólk sem uppvíst verður að lögbrotum, en á hinn bóginn er engan stuðning að finna hjá dómstólunum við þá æsifréttamennsku sem einungis gengur út á að svara forvitni almennings um lífern fræga fólksins. Dómstóllinn gerir eftir sem áður ótvíræða kröfu til þess að fjölmiðlar segi ekki fréttir af einkalífi fólks, gegn vilja þess, nema þær eigi ótvírætt erindi við almenning.

Réttindi stangast á

Í málum Karólínu prinsessu og leikarans Eyrón virðast dómurarnir



KARÓLÍNA PRINSESSA OG ERNST AUGUST VON HANNOVER Karólína Mónakóprinsessa hefur í tvo áratugi reynt að koma í veg fyrir myndbirtingar og umfjöllun fjölmiðla um einkalíf sitt og fjölskyldu sinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Ákvæði rekast á

Upphaf 8. greinar: Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. [...]

Upphaf 10. greinar: Tjáningarfrelsi

1. Hver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. [...]

Mannréttindadómstólsins ekki ganga út frá því að neitt einfalt mat sé til á því hvort eigi að veða þyngra, rétturinn til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu eða rétturinn til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. grein sama áttmála. Þegar þessar tvær meginreglur mannréttindalaga stangast á, þá þarf að meta það í hverju tilviki hvor reglan eigi að hafa forgang. Til grundvallar slíku mati draga dómurarnir fram nokkrar viðbótarforsendur.

Viðbótarforsendur

Ein þeirra er sú, sem þegar er nefnd, hvort fréttaflutningurinn er eingöngu til þess hugsaður að svara forvitni fólks eða hvort efnið er talið eiga raunverulegt erindi við almenning.

Önnur er sú, hvort frétt snúist um opinbera persónu, það er að segja einstakling sem sannarlega er nægilega þekktur til að geta talist opinber persóna. Bæði Karólína prinsessa og þýski leikarinn Bruno Eyrón fullnægja að mati dómstólsins þessu skilyrði, þótt Eyrón sé reyndar lítt þekktur utan Þýskalands.

Þá telur dómstóllinn einnig ástæðu til að spyrja hvernig staðið var að öflug frétta eða ljósmynda, hvaðan og hvernig upplýsingar berast fjölmiðli, til dæmis hvort þeirra sé aflað með blekkingum eða hvort þær séu opinberlega staðfestar.

Varðandi ljósmyndir sérstaklega er spurt hvort þær eru teknar á stað sem opin er almenningi, hvort ljósmyndari hafi verið í

felum eða farið dult með gerðir sínar, eða hvort ljósmyndari geti hreinlega talist hafa verið að áreita viðkomandi.

Enn fremur er spurt um fyrri framkomu viðkomandi einstaklings, til dæmis hvort hann hafi sjálfur áður sóst eftir kastljósi fjölmiðla og geti af þeim sökum ekki lengur reiknað með því að einkalíf hans njóti fullrar friðhelgi.

Einnig er spurt um það hvaða áhrif myndbirting og fréttir geti haft á líf viðkomandi einstaklings.

Óleyst álitamáli

Öll þessi atriði og fleiri til eru reifuð í úrskurðum Mannréttindadómstólsins, bæði nú í febrúar og einnig í gamla Karólínúmálinu fyrir átta árum, þannig að hér er greinilega um jafnvægiskúnst að ræða þar sem til lítills er að hrapa að ályktunum í fljótfærni.

Með úrskurðum sínum hefur dómstóllinn þó engan veginn tekið á öllum álitamálum sem snerta fréttaflutning af einkalífi fólks eða myndbirtingar því tengdar.

Afram er til dæmis óljóst hvernig dómstóllinn tæki á því ef mikilvægur fréttir af einstaklingum, sem að mati dómstólsins ættu ótvírætt erindi við almenning, væru fengnar með blekkingum eða einhverjum öðrum hætti sem vafasamur gæti talist.

Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.



Guðsteinn Bjarnason

guðsteinn@frettabladid.is



Út að borða fyrir börnin:

Veitingastaðir styrkja börnin

SAMFÉLAGSMÁL Barnaheill á Íslandi stendur nú fyrir samstarfsverkefni með 13 íslenskum veitingastöðum á landinu. Ágóði af ákveðnum réttum á stöðunum rennur í sjóð sem stuðlar að verndun barna gegn ofbeldi.

Verkefnið hófst 15. febrúar og stendur til 15. mars. Veitingastaðirnir sem taka þátt í þessum mánuði eru Caruso, Dominos, Grill66, Hamborgarafabrikkan, Íslenska kaffistofan, KFC, Naut-hóll, Pizza Hut, Saffran, Serrano, Skrúður, Subway og Taco Bell. - sv



MIÐBORGIN Stjórn Hallveigar telur að takmarkanir á opnunartíma færi skemmtanalífið úr miðborginni og inn í íbúðahverfi. MYND/HARI

Ungir jafnaðarmenn í Reykjavík:

Vilja frjálsan opnunartíma

STJÓRN MÁL Hallveig, félag ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, hefur ályktað að gera eigi opnunartíma skemmtistaða í miðborg Reykjavíkur frjálsan. Telur stjórn félagsins það ekki í verkahring borgaryfirvalda að stjórna opnunartíma skemmtistaða.

Í ályktuninni segir að takmörkun á opnunartíma sé skaðleg fyrir rekstur skemmtistaða og færi skemmtanalífið úr miðborg og inn í íbúðahverfi þangað sem lögregla hafi ekki eins góða yfirsýn yfir það. Þá geti það valdið fjölskyldufólki áreiti. Loks hvarmar félagið að borgarstjórnarmeirihluti Samfylkingarinnar og Besta flokksins hafi ákveðið að stytta opnunartíma skemmtistaða á þessu kjörtímabili. - mþl



AFHENDINGIN María Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi SAF, Árni Gunnarsson formaður, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Ragnheiður Valdimarsdóttir, mannauðsstjóri Iceland Travel. MYND/SAF

Afhent á degi menntunar:

Verðlaunað í fimmta sinn

FERÐAMÁL Fyrirtækið Iceland Travel hlaut Starfsmenntaviðurkenningu Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) í ár. Verðlaunin voru afhent fyrir helgi.

Fram kemur hjá SAF að alls hafi borist nú tilnefningar til starfsmenntaviðurkenningarinnar, sem nú var veitt í fimmta sinn.

Í rökstuðningi eru tínd til fjölmörg atriði sem urðu til þess að Iceland Travel hlaut viðurkenninguna, svo sem að þar sé litið á endurmenntun sem lykilatriði í að viðhalda starfsánægju innan fyrirtækisins. - óká

DÓMSTÓLAR

Skalli við Hlöllabáta

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur rúmlega títugum manni fyrir að verjast handtöku með því að skalla lögregluþjón við matsölustaðinn Hlöllabáta á Ingólfstorgi fyrir rúmu ári. Sá marðist á gagnauga.

Rannsóknir sýna bættan seiðabúskap eftir breytt veiðifyrirkomulag í Eyjafjarðará:

Fluguveiði og sleppingar skila sér vel

NÁTTÚRA Vísbendingar eru um að breytt veiðifyrirkomulag í Eyjafjarðará hafi skilað betri seiðabúskap í Eyjafjarðará, einni bestu bleikjuveiðiá landsins.

Nýverið sendi Veiðimálastofnun frá sér skýrslu með niðurstöðum úr seiðamælingum í ánni haustið 2011. Þéttleiki seiðanna og ástand þeirra var metið á vatnasvæðinu. Líkt og í flestum sjóbleikjuám á Íslandi hefur dregið úr veiði síðastliðinn áratug og hefur sú þróun verið sett í samband við hlýnandi veðurfar. Meðalveiðin í ánni á árunum frá 1986 til 2010 var 2.132 bleikjur.

Til að bregðast við minnkandi veiði í Eyjafjarðará hafa frá árinu 2008 verið takmarkanir á veiðar á annað agn en flugu og veiðimönnum

gert að sleppa mestu af þeirri bleikju sem þeir veiða. Vísbendingar eru um að þær ráðstafanir séu að bera árangur.

Í skýrslunni kemur fram að heildarþéttleiki flestra árganga bleikjuseiða hafi ekki áður mælst jafn mikill og haustið 2011. Ekki er um stórfelldar breytingar að ræða en þó virðist sem nýliðun seiða í ánni hafi náð sér á strik síðustu ár og sé fremur á uppleið.

Augljóst er að bleikjustofninn á vatnasvæðinu er faliðaður og einhver búsvæði á vatnasvæðinu vannýtt. - shá

FALLEG VEIÐI Gísli Sigurðsson með glæsilegan feng. Stórtæk efnistaka úr ánni hefur verið nefnd sem skýring þess að bleikjustofninn hefur látið undan síga.



MYND/STEFÁN JÓN HAFSTEIN


Er þér boðið ódýrasta lyfið í apótekinu þínu?

Markmið LYFIS er að bjóða lægsta lyfjaverð á Íslandi og hefur tilkoma lyfja fyrirtækisins aukið verulega samkeppni og leitt til mikilla verðlækkana í viðkomandi lyfjaflokkum. LYFIS lyfin eru framleidd hjá þekktustu og öflugustu lyfjaframleiðendum heims, m.a. TEVA – RATIOPHARM – KRKA – MEDIS – BLUEFISH – FARMAPLUS, sem allir hafa hlotið lof og viðurkenningu fyrir mikil gæði og örugga framleiðslu. LYFIS hefur markaðssett fjölda samheitalyfja og margir tugir lyfja eru á leiðinni.

Verðlagseftirlit ASÍ – 14. júní 2006 – „Allt að 68% verðmunur á lyfjum“ Neytendum bent á að vera vakandi fyrir ódýrari samheitalyfjum.

Hefur ekkert breyst frá 2006? – www.asi.is

Stöndum saman – lækkum lyfjaverð!



LYFIS
Traust í lyfjum

Grensásvegi 22 | 108 Reykjavík | Sími 534 3500

ratiopharm

TEVA

KRKA

MEDIS

BLUEFISH
PHARMACEUTICALS

F+
FarmaPlus AS

Dómur vegna innherjasvika var sögulegur:

Baldur

Hæstiréttur dæmdi á föstudag Baldur Guðlaugsson, fyrrum ráðuneytisstjóra, í tveggja ára fangelsi fyrir innherjasvik. Baldur seldi hlutabréf sín í Landsbankanum fyrir 192,6 milljónir króna 17. og 18. september 2008, þremur vikum fyrir fall bankans, þrátt fyrir að hann sæti í samráðshópi stjórnvalda um fjármálastöðugleika. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms þess efnis að Baldur hafi í fimm tilgreindum tilvikum, frá 22. júlí til 16. september 2008 búið yfir innherjaupplýsingum um stöðu Landsbankans vegna setu sinnar í hópnum þegar hann seldi bréf sín.

Dómur Hæstaréttar yfir Baldri er merkilegur fyrir margar sakir. Í fyrsta lagi er þetta fyrsti dómur sem Hæstiréttur fellir í innherjasvikamáli. Í raun er þetta einungis annað innherjamálið sem fer fyrir dóm á Íslandi. Í hinu var sýknað árið 2001 og þeirri niðurstöðu ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Í öðru lagi eru engin fordæmi fyrir því að jafn háttsettur embættismaður hafi verið dæmdur fyrir alvarlegt lögbrot. Baldur starfaði líka sem lögmaður í áratugi, var fyrirferðamikill í viðskiptum, tengdist stjórnmalum og hafði rík tengsl innan innsta valdakjarna landsins árum saman. Það sést best á því að sex af tólf Hæstaréttardómurum lýstu sig vanhæfa til að dæma hann vegna tengsla. Mál Baldurs var því ákveðinn prófsteinn á kunningjasamfélagið.

Í þriðja lagi er augljóst að Baldur bjó yfir mun meiri og nákvæmari upplýsingum en nánast allir aðrir um stöðu Landsbankans. Það var handfylli manna sem hafði aðgang að þeim upplýsingum sem fram komu á fundum samráðshópsins. Í dómi Hæstaréttar segir meðal annars að bankastjórar Landsbankans hafi upplýst hópinn um kröfur breska fjármálaeftirlitsins í ágúst 2008 sem þeir töldu að gætu haft „öfyrirsjáanlegar afleiðingar“ fyrir bankann. Jónína Lárusdóttir, þáverandi ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, sagði við skýrslutöku hjá lögreglu vegna máls Baldurs að hún teldi trúnaðarupplýsingarnar sem komu fram á fundum hópsins „svo viðkvæmar að hætta væri á áhlaupi á bankana yrðu þær opinberar“. Hún hafi því geymt fundargerðir hópsins í læstum skáp. Bolli Bollason, þáverandi ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, og Tryggvi Pálsson, þáverandi framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, sögðu báðir fyrir dómi að þeir hefðu átt hlutabréf í íslenskum bönkum. Þeir töldu sér ekki stætt að selja þau vegna setu sinnar í samráðshópnum. Mörgum grunaði að bankarnir stæðu illa. En örfáir vissu það. Baldur var einn þeirra. Hefði hann ekki fallið undir skilgreiningu laga sem innherji þá væru lögín í ólagi. Þá væru þau ekki að þjóna tilgangi sínum.

Það á engum að vera það sérstakt fagnaðarefni þegar maður er dæmdur til fangelsisvistar fyrir lögbrot. Það er hins vegar mikilvægt að staðfesta að lög og reglur virki og að þau ná jafnt yfir alla. Miðað við þann fjölda mála sem er til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara má þó ætla Baldur verði ekki sá síðasti sem verður dæmdur. Það er nauðsynlegt að muna að uppgjörinu við það sem gerðist á Íslandi lýkur ekki við það að dæma gerendur í fangelsi. Þaðan munu menn snúa um síðir. Þá reynir á íslenskt samfélag að virða þau málalok, samþykka að menn hafi tekið út sína refsingu og gera þeim kleift að verða nýttir þátttakendur í samfélaginu að nýju. Það eiga allir skilið að fá tækifæri til að bæta fyrir mistök sín.

SKOÐUN

Póður Snær
Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Biðin langa

Í nýársávarpi sínu virtist Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gefa í skyn að hann hygðist láta af embætti í sumar. Mörgum þótti hann þó ekki alfarið útiloka að bjóða sig fram á ný og hófu stuðningsmenn hans stuttu síðar að safna undirskriftum þar sem hann var hvattur til framboðs. Það einkennilega er að Ólafur Ragnar hefur, þrátt fyrir reglulegar spurningar frá fjölmiðlum og söfnunina, ekki viljað svara því í eitt skipti fyrir öll hvað hann hyggt fyrir.



Forseti höggvi á hnútinn

Hingað til hefur það verið talin sjálf-sögð kurteisi við mögulega forsetaframboðendur að gefa þeim nægan tíma til að velja fyrir sér framboði. Hvort sitjandi forseti hyggt hætta eða ekki er vitaskuld grundvallarsenda við slíkar vangaveltur. Núna hafa þingmenn af báðum vængjum stjórnmálanna, Róbert Marshall og Kristján Þór Júlíusson, kallað eftir því að forseti höggvi á hnútinn. Er ekki kominn tími til þess?

Costner í kvikmyndinni

Allir fjölmiðlar hafa fjallað nokkuð um brott-

vikningu Gunnars Andersen úr starfi forstjóra FME. Eyjan.is lét sitt ekki eftir liggja og skrifaði nokkrar fréttir um málið, þar á meðal um álitserð Ástráðs Haraldssonar og Ásbjörns Björnssonar um hæfi Gunnars. Þorvaldur Gylfason, hagfræðiprófessor, skrifaði athugasemd við frétt Eyjunnar þar sem hann lýsti Gunnari svo: „Gunnar Andersen kemur mér fyrir sjónir sem „crime buster“ af gamla skólanum.“ Hélt Þorvaldur svo áfram og sagði að bólstraður Kevin Costner ætti að leika Gunnar af Baltasar Kormákur gerði Hollywood-mynd um málið. Ekki amaleg meðmæli það. magnusl@frettabladid.is



HALLDÓR



Sýndarsamráð

Menntamál



Kjartan
Magnússon
borgarfulltrúi

Mikil óánægja er ríkjandi í mörgum hverfum Reykjavíkur vegna vinnubragða meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins í skólamálu. Á síðasta ári knúði meirihlutinn í gegn vanhugsaðar og illa undirbúnar breytingar á skólalagði þrátt fyrir mótmæli þúsunda foreldra og viðvaranir fjölmargra fagaðila. Bentu þessir aðilar m.a. á að stefnumörkun lægi ekki fyrir og að hvorki hefði verið sýnt fram á fjárhagslegan né faglegan ávinning vegna breytinganna. Þau svör fengust að stefnumótun yrði unnin samhliða breytingum og að í þeirri vinnu yrði náið samráð haft við nemendur, foreldra og kennara.

Foreldrar fá ekki skýr svör

Nú hefur komið í ljós að ekkert er að marka þessi heit og hafa borgarfulltrúar Samfylkingarinnar af sannfæringu tekið að sér að framfylgja þeirri stefnu Besta flokksins að svíkja öll loforð. Fulltrúar foreldra og starfsmanna í þeim stýrihópum, sem leiða eiga breytingarferlið í einstökum skólum, kvarta yfir því að svör fái ekki við einföldustu fyrirsögnunum um fyrirkomulag breytinganna, hvað þá hvernig fyrirkomulagi kennslunnar verði háttáð til framtíðar. Þar sem stefnumótun og framtíðar-

sýn liggur ekki fyrir vísa embættismenn slíkum spurningum til kjörinna fulltrúa en þar er svör ennþá síður að finna.

Þetta hafa t.d. foreldrar skólarnar í Grafarvogi fengið að reyna, sem hafa að undanfönu átt í ótrúlegum samskiptum við Oddnýju Sturludóttur, formann skóla- og frístundaráðs. Oddný neitaði í fyrstu að koma á fund foreldra í Hamraskóla til að ræða málin en gerði foreldrum á móti það kostabod að þrjár fulltrúar þeirra mættu koma niður í Ráðhús og fá áheyrn hjá henni þar.

Að lokum tókst foreldrum þó að fá Oddnýju til sín á fund en þar kom fátt nýtt fram. Kvörtuðu foreldrar yfir því að hún gæfi engin svör við ýmsum mikilvægum spurningum vegna brottflutnings unglinga-deildar skólans og sérdeildar fyrir einhverfa.

Formaður foreldrafélagsins í Hamraskóla hefur nú sagt sig úr stýrihópi vegna umrædds flutnings og í Húsaskóla hafa bæði formaður foreldrafélagsins og fulltrúi starfsmanna sagt sig úr stýrihópnum þar sem óskir og jafnvel einfaldar fyrirsögnir eru algerlega virtar að vettugi. Þannig er samráðið í framkvæmd hjá borgarfulltrúum Samfylkingar og Besta flokksins.

Rjómi við öll tækifæri



Þið eruð næst



Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Ég ímynda mér að heim til mín komi maður til þess að gera við þvottavélina hjá mér. Þetta er viðkunnalegur maður og það er gaman að spjalla við hann. Hann klárar verkið með glæsibrag og sýnir mér hvernig þvottavélin virkar sem ný. Og ég segi: Þetta er alveg frábært hjá þér og svo var líka svo gaman að spjalla við þig. Veistu, ég er svo ánægður með þessa heimsókn þína að ég er hreinlega að hugsa um að borga þér fyrir verkið ...

Tæknin hefur gert okkur kleift að ná með erindi okkar til miklu fleira fólks en forfeður okkar og formæður vissu að væri til. Það má jafnvel tala um nýja tegund af mannkyni – hinn sífengda manni; við erum með heimstorgin í kjöltunni þar sem við sitjum í sófanum heima og getum nánast náð sambandi við þann sem okkur sýnist, séð það sem okkur sýnist, hlustað á alla tónlist í heimi ef okkur langar. Það þarf ekki að hafa mörg orð um tækifærin sem skipandi fólki gefast við þær aðstæður að ná til heimsins með erindi sín. En sá böggull fylgir skammrifi að æ fleiri listamenn eru í þeirri stöðu að eiga þá undir geðþótta og velþökun neytendanna hvort þeir fái greidda peninga fyrir sköpunarverk sín. Á móti má vissulega segja að peningar séu ofmetnir og til þess fallnir að afvegaleiða fólk og að sönn list verði aldrei mæld á svo ómerkilegan mælikvarða sem peningar eru og að þegar listaverkið sé svipt vörueðli sínu sé það loksins frjálst í heiminum.

Gott og vel. Á listamönnum dýnja að minnsta kosti sífelldar kröfur um að gefa eftir réttinn til að fá arð af vinnu sinni. Þessar kröfur eru settar fram í nafni réttlætisins og lýðræðisins og tjáningarfrelsisins en einkum þó framtíðarinnar. Það er erfitt hlutskipti að vera andvígur framtíðinni. Hún er eitthvað svo óhjákvæmileg.

En hvað sem henni líður, og réttlætningu og lýðræðinu og hinu

illa eðli vörunnar, þá stendur listamaðurinn nú á götuhornum heimsins og fremur sínar kúnstir með hattkúf fyrir framan sig í þeirri von að vegfarendur hrífist svo að þeir láti smámynt af hendi rakna. Í þeirri stöðu felst auðvitað ákveðið frelsi en á einhverju verður fólk að lifa, meira að segja listamenn. Og það liggur misvel fyrir fólki að gera sig viðkunnalegt á torgum – og raunar liggur það alveg sérstaklega misvel fyrir listamönnum að vera viðkunnalegir. Því að þegar það er alveg undir viðtakandanum komið hvort hann kys að greiða listamanninum fyrir þá sköpun sem hann hefur þegið af honum þá segir það sig eiginlega sjálft að það þurfa að kvikna jákvæðar kenndir hjá viðtakandanum í garð listamannsins: það er ekki nóg að viðtakandinn hrífist af listaverkinu eða að lista-verkið breyti hugsun hans – viðtakandinn þarf að hugsa á þann hátt til sjálfs listamannsins að honum finnist taka því að borga honum, hann þarf hreinlega að muna eftir því: þá þarf hann annað hvort að kunna alveg sérstaklega vel við listamanninn af einhverjum ástæðum og hugsa út í að hann þurfi nú að lifa eins og aðrir – eða: hann þarf að verkenna listamanninum, sjá aumur á honum og henda til hans smámynt svo sem eins og í gustukas kyni. Og listamaðurinn – hvort sem hann er meðvitaður um það eður ei – hyllist til þess að gera sig viðkunnalegan, fer smám saman nánast að smjára fyrir viðtakanda sínum. Nema hann hafi framfæri sitt af öðru.

Og nú glymur rithöfundum þessi klukka: þið eruð næst. Þegar kannanir leiða í ljós að læsi sívaxandi hóps drengja er ábótavant rjúka skólar upp til handa og fóta til að finna lausnina. Engum virðist detta í hug að ef til vill sé ástæða til að laga sjálfa lestrar-kennsluna. Gagnvart vanda hafa Íslendingar ævinlega eina lausn: að byggja hús. Og sé það ekki hægt þá er bara eftir hin lausnin: að kaupa græju. Til að vinna bug á útbreiddu ólæsi drengja er þannig leitað tæknilegra lausna, þeim eru gefnar lesvélur og liggja í loftinu ósagðar væntingar um að vélnar muni þá lesa fyrir krakkana. Það eru hins vegar ekki til peningar fyrir bókum á skólalabakassöfnin.

Og nú er sagt við rithöfundana: þið eruð næst. Játið ykkur sigruð. Setjið sögurnar ykkar og ljóðin bara á netið og leyfið öllum að hlaða niður að vild og greiða að vild. Maður er alltaf að heyra í fólki sem nennir ekki að lesa bækur og segist vera framtíðin – gerir eigin leti við bóklestur að almennri reglu og eiginlega kröfu. Samt er það svo að fyrir hver jól hér á landi seljast stór upplög af alls konar bókum sem fólk gefur hvert öðru samkvæmt þessum fallega síð: Mér finnst þú vera svona manneskja sem les bækur eftir Vigdísí Grímsdóttur; mér finnst þú eiga skilið að fá ljóð eftir Þorstein frá Hamri – og svo framvegis. Og sérhver bók hefur áru. Árið um kring gefum við út alls konar bækur í stórum upplögum, skáldsögur, matreiðslubækur, hryllingssögur, meira að segja smásagnasöfn. Og fólk kaupir þessar bækur í stórum stíl, handa sér og öðrum, það ræðir þær fram og aftur, býsnast yfir dómmum um þær, hugsar um þær. Hví skyldu höfundar hraða sér á vit þeirrar framtíðar þar sem þeir njóta ekki afrakstursins af sköpun sinni heldur bara tækja framleiðendur?

Bókin er afurð markaðssamfélagsins, í eðli sínu vara sem gerð er úr orðum og pappír og á fyrir sér lengri framtíð en hugsjónamenn um bókleysi dreymir um. En „bókfellið velkist og stafirnir fýrnast og fúna“. Rétt eins og tónlistin lifði af dauða kassettaútgáfunni þá mun sagnalistin líka lifa af dauða ipadsins. Sagnalistin mun meira að segja lifa bókina og allan þann iðnað sem henni fylgir.

Listin mun lifa með mannum þann afmarkaða tíma sem hann hefur mælt sér á þessari jörð. Það er grunnþörf að skapa og njóta listar – sagnalistar, tónlistar, myndlistar, verka sem maðurinn smíðar með höndum sínum og huga. Kannski tekst mönnum að koma sér niður á þjóðskipulag sem snýst ekki um peninga og samkeppni heldur frelsi og jöfnuð og sátst við Móður Jörð – einhvern tímann – þarna úti í framtíðinni – og þá fremjum við list allan daginn handa hvert öðru og okkur sjálfum og guðdóminum; en þangað til það gerist er ekki nema sanngjarnt að listamenn fái greitt fyrir framlag sitt tililverunnar.

Opinn aðgangur er hagur almennings og fræðimanna



Netið

Njördur Sigurjónsson
lektor við Háskólann á Bifröst

Flestir þeir sem þurft hafa að afla sér þekkingar á netinu rekast fljótlega á veggri þar sem þarf að greiða fyrir aðgang að rannsóknum. Þetta á jafnt við um blaðamenn sem miðla upplýsingum til fólks, vísindamenn sem þurfa að vita hvað er nýjust á fræðasviðinu og hinn almenna borgari sem vill komast að því hvort til sé lækning við tiltekinni tegund krabbameins. Upphæðin er oft nokkur þúsund krónur fyrir staka grein en bókasöfn, háskólar og ýmsar aðrar opinberar stofnanir þurfa líka að greiða háar upphæðir fyrir aðgang að vísindagreinum en þeir fjármunir koma oftar en ekki úr vasa skattgreiðenda.

Það sem er sérstakt við þetta kerfi er að höfundar vísindagreina fá ekki greitt fyrir skrifin né þegar seldur er að þeim aðgangur. Vísindamenn fá hins vegar greitt fyrir vinnu sína frá

opinberum samkeppnissjóðum og háskólum, og greinaskrifin eru hluti af því að miðla þekkingu til annarra fræðimanna og almennings.

Þannig greiðir hið opinbera beint eða óbeint laun margra þeirra sem skrifa greinarnar en greiðir síðan aftur fyrir aðgang að þeim. Þeir einu sem hagnast eru milliliðirnir, stórfyrirtæki á

Nú þurfa háskólamenn, samkeppnissjóðir og almenn-ingur á Íslandi að taka höndum saman um að gera birtingar í opnum aðgangi að reglu.

sviði akademískrar útgáfu, sem höndla með textann. Þeir sem tapa um almenn-ingur, sem þarf að greiða tvisvar fyrir vöruna, og vísindamenn sem fá mun minni dreifingu á útgafnu efni sínu en tilefni eru til. Fræðimenn hafa aðallega tvær

leiðir til þess að greinar þeirra birtist í opnum aðgangi: að gefa út í tímariti sem er opið og gjaldfrjálst eða senda greinina í opið varðveislusafn jafnframt því sem hún birtist í hefðbundnu tímariti. Flestar útgáfur fræðitímarita heimila höfundum að birta greinar sínar samhliða í gagnagrunnum en blikur eru á lofti því milliliðirnir vilja halda í sinn hlut og gamla kerfið.

Nú þurfa háskólamenn, samkeppnissjóðir og almenn-ingur á Íslandi að taka höndum saman um að gera birtingar í opnum aðgangi að reglu. Hér má nefna að starfsmenn Háskólans á Bifröst hafa samþykkt að birta fræðigreinar sínar í opnum aðgangi, og er skólinn fyrstur íslenskra háskóla til þess, en margir af stærstu háskólum heims hafa farið þessa leið á undanförunum árum. Rannís hefur sýnt vilja en hefur þó enn ekki sett stefnu um opinn aðgang að niðurstöðum úr rannsóknum sem stofnunin hefur styrkt með almanna fé. Slík stefna er í gildi annars staðar á Norðurlöndum, t.d. hjá Vetenskapsrådet í Svíþjóð. Mun Rannís setja slíka stefnu á næstunni? Af hverju hefur það dregist?

3 góðar ástæður til að heimsækja ...okkur



BRAUÐ OG RÚNSTYKKI ALLA DAGA



KAKA ÁRSINS 2012 Á KONUDAGINN



BOLLUR Á BOLLUDAGINN

mánudaga-föstudaga.....	7.30 - 17.30
laugardaga.....	8.00 - 16.00
KONUDAGUR.....	8.00 - 18.00
BOLLUDAGUR.....	7.30 - 18.30



- Austurströnd 14
- Fálkagötu 18
- Hringbraut 35
- Lönguhlíð

Nýtingarsamningar

Sjávarútvegsmál

Jóhann Ársælsson
fv. alþingismaður
Fyrri grein



ræðu Jóhönnu Sigurðardóttir á síðasta flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar.

Tíminn á þrotum

Fögnuður minn er þó blendinn eftir fundinn. En á hann mætti ég haldinn efablandinni eftirvæntingu. Boðað hafði verið að Ólína Þorvarðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon myndu fræða okkur um fyrirhugaðar breytingar á stjórn fiskveiða, eins af stærstu málefnum stjórnarsamstarfsins. Heim fór ég heldur daufur í dálkinn. Orð formannsins um útfærslur og lokafrágang skiluðu sér allavega ekki í

Í báðum flokkum eru þingmenn sem hafa í raun drattast með í stefnu flokkanna en vilja sem minnst hrófla við hagsmunaöflum í sínum kjördæmum.

skiljanlegum útskýringum á því hvenær og hvernig forgangi núverandi kvótahafa muni ljúka. Þó eru þrjú ár liðin og tími ríkisstjórnarinnar til að standa við fyrirheitin í þessu máli á þrotum. Hafa ber í huga að ekki er gert ráð fyrir

flokksstjórnarfundum á næstunni og varla ætla stjórnarflokkarnir að leggja frumvarp fyrir Alþingi sem brýtur í bága við stefnu þeirra og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Ég tel eftir þennan fund að innihald væntanlegs frum-

varps verði í grundvallaratriðum líkt því sem Jón Bjarnason lagði fram á síðasta þingi.

Að lifa ríkisstjórnina af

Til að halda fengnum hlut hafa ráðamenn í sjávarútvegi móast við og reynt að hægja á og trufla alla viðleitni stjórnarflokkanna til að finna sáttaflokk milli almennra hagsmuna og þeirra sérhagsmuna sem útgerðamenn vilja viðhalda. Stefnan var sú að lifa ríkisstjórnina af þar til valda kæmu vinsamlegri stjórnvöld. Fyrsta og mikilvægasta átakið var fólgið í því að skjóta í kaf fyrningarleiðina sem er einföld og skynsamleg, breytir í raun engu um stjórn fiskveiða. Aðferð sem leysir þó eignahaldsvandann, tryggir þjóðinni fullt verð fyrir nýtingarréttinn og jafnræði í greininni.

Hafi menn almannahagsmuni fyrst og fremst í huga og að raska sem minnst högum sjávarútvegsins er fyrningarleiðin augljóslega best. „Það fara allir á hausinn“ var innihald slagorðanna sem glumdu í eyrum landsmanna, þó að með þeirri leið verðleggi útgerðirnar veiðiréttinn sjálfar á frjálsum markaði. Ráðamönnum í útgerð tókst þetta ætlunarverk í bili a.m.k. vegna ósamstöðu og veikleika í báðum stjórnarflokkunum. Í VG er rótgróin andúð á markaðslausnum og stjórnlyndi á háu stigi eins og mörkuð stefna þeirra í sjávarútvegsmálum ber skýrt merki um. Í báðum flokkum eru þingmenn sem hafa í raun drattast með í stefnu flokkanna en vilja sem minnst hrófla við hagsmunaöflum í sínum kjördæmum. Næsti kafli sögunnar varð svokölluð samningaleið.

Samningaleiðin

Hugtakið samningaleið varð til í tengslum við störf þeirrar nefndar sem Guðbjartur Hannesson stýrði og vísar til þeirrar hugmyndar að breyta nýtingarrétti á veiðiheimum í svokallaða nýtingarsamninga til afmarkaðs tíma. Óljósar niðurstöður þess starfs sem sú nefnd vann hafa verið túlkaðar á ýmsa vegu en frumvarp Jóns Bjarnasonar byggði á því að gera slíka nýtingarsamninga við þá sem nú hafa umráð yfir veiðirétti.

En ef það frumvarp hefði orðið að lögum væri sjávarútvegurinn í meiri viðjum en þörf er á til að ná fram markmiðum um þjóðareign á auðlindinni. Viðjum sem heftu verulega þrótt hans og framgang. Miðstýrðar ákvarðanir, ógagnsæ stjórnsýsla og óviðunandi aðgangur nýrra aðila að greininni hefði orðið hlutskipti hennar. Þetta og að ekki var með traustum hætti gengið frá því hvernig og hvenær forgangi núverandi kvótahafa til úthlutunar veiðiréttar skyldi ljúka voru alvarlegir gallar á frumvarpinu. Því miður bera tilvitnuð orð formannsins í upphafi þessarar greinar og það sem kom fram á fundinum vott um að vaxandi samstaða sé um slíka leið.

Ríkisstjórnin eyði óvissunni!

Þrátt fyrir harða andstöðu við fyrningarleiðina og ekki síður við frumvarp Jóns Bjarnasonar hafa orðið þau veðrabrigði í afstöðu útvegsanna að nú heimta þeir að óvissunni verði aflétt. Þeir vilja að ríkisstjórnin sem þeir ætluðu að bíða af sér leysi þetta mikla deilumál. Ástæða sinnaskiptanna er augljós. Ef það auðlindaákvæði sem stjórnlagaráð leggur til að sett verði í stjórnarskrána verður að veruleika er úti um allan forgang núverandi veiðiréttarhafa.

Tækifærið til satta er þess vegna núna og best fyrir alla að það verði nýtt. Það yrði hins vegar óþarfur áfangi en ekki endir á langri deilu að fara þá leið sem lagt var upp með í frumvarpi Jóns Bjarnasonar. Ég tel vel hægt að ná markmiðum stjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum betur og á hagkvæmari hátt fyrir bæði þjóðina og sjávarútveginn en mögulegt er með þeirri leið sem nú er til umræðu. Meira um það í næstu grein.

FÆKKAÐU SÍGARETTUNUM MEÐ TROPICAL FRUIT



NÝTT MINNI REYKINGAR MEIRA TROPICAL FRUIT

AÐ DRAGA ÚR REYKINGUM
ER LÍKA SKREF Í RÉTTA ÁTT

 Nicotinell er samstarfsaðili
Krabbameinsfélagsins

Lesi skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Nicotinell lyfjatyggigúmmi inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínþólacrillin). Nicotinell lyfjatyggigúmmi er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmi eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmi. Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafæðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

Kaup á vændi af barni

Kynferðisbrot

Svala Ísfeld Ólafsdóttir

dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík



Dómur Héraðsdóms Vesturlands frá 9. febrúar síðastliðnum, þar sem maður er sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn barni, hefur vakið nokkra athygli og orðið tilefni umfjöllunar á opinberum vettvangi, ekki síst vegna þess að refsingin er skilorðsbundin.

Gerandinn, sem er tæplega sextugur karlmaður, viðurkenni fyrir dómi að hafa greitt 14 ára dreng allt að 30.000 krónur í reiðufé fyrir kynferðismök í tvö skipti. Með þessari háttsemi braut maðurinn gegn tveimur ákvæðum almennra hegningarlaga. Í fyrsta lagi gegn 1. mgr. 202. gr., sem leggur bann við því að hafa kynferðismök við barn yngra en 15 ára og í öðru lagi gegn 2. mgr. 206. gr. sem leggur bann við því að greiða börnum undir 18 ára aldri fyrir kynlífsþjónustu, þ.e. fyrir að kaupa vændi af barni. Þá er vísað í 204. gr. hegningarlaganna í ákæruskjali og dómsniðurstöðu en samkvæmt henni má sakfella mann fyrir brot gegn fyrrnefndri greininni þó viðkomandi hafi ekki verið viss um aldur barnsins heldur framið brotið í gáleysi um aldur þess.

Í dóminum kemur fram að maðurinn hafi hreint sakavottorð. Í læknisvottorði, sem lagt var fram í málinu, segir að maðurinn sé vel gefinn og vel gerður samkynhneigður maður sem hafi um árabíl lifað í felum með kynhneigð sína. Hann hafi freistast til að leita eftir samskiptum við aðra karlmenn í netheimum og hafi þetta orðið til þess að hann hafi verið afhjúpaður með miklum afleiðingum fyrir hann og fjölskyldu hans og hafi hann misst starf sitt. Enginn vafi leikur á því að mati læknisins að ákærði er ekki haldinn barnagirnd eða hefur langanir til afbrigðilegs kynlífs. Þá er lýst meðferðum sem ákærði hefur sótt eftir að atvik þessa máls urðu, en hann hafði bæði farið í áfengis meðferð, meðferð við kynlífsfíkn og verið í viðtölum hjá geðlækni.

Maðurinn var dæmdur í 12 mánaða fangelsi en með hliðsjón af skýlausri játningu hans, þeim afleiðingum sem brot hans hafa haft fyrir hann og því hvernig hann hefur unnið úr sínum málum er refsingin skilorðsbundin að öllu leyti og fellur niður að þremur árum liðnum haldi maðurinn almennt skilorð.

Dómurinn hefur orðið tilefni gagnrýni vegna ákvörðunar refsingar, en mörgum þykir sem gerandinn hafi sloppið nokkuð vel.

Að sönnu virðist sem refsing ákærða sé í vægara lagi miðað við alvarleika brotsins. Í fyrsta lagi er refsingin ákveðin eins árs fangelsi, en vægari getur hún ekki orðið þar sem þetta er lágmarksrefsing fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl., en maðurinn var sakfelldur fyrir brot gegn því ákvæði. Hámarksrefsing er á hinn bóginn 16 ár. Í öðru lagi er refsingin skilorðsbundin að öllu leyti. Fyrir þessari ákvörðun færir héraðsdómurinn þrenns konar rök, þ.e. að ákærði játaði brotin skýlaust, afleiðingar brotanna hafi þegar orðið alvarlegar fyrir hann og hann hafi unnið vel úr sínum málum með því að sækja meðferðir við vanda sínum.

Í þeirri gagnrýni sem hefur birst hefur þó verið horft framhjá því að þau sjónarmið sem héraðsdómurinn rekur eru þekkt í dómafrankvæmd og hafa oft verið látin hafa áhrif við ákvörðun refsingar, sem og á skilorðsbindingu refsingar að hluta eða öllu leyti. Þetta hefur þótt eiga við í kynferðisbrotamálum með áþekktum hætti og í öðrum saka-

málum. Þykir mörgum sanngjarnt og réttlátt að þeir sem játa brot sín skýlaust og sýna iðrun og yfirbót í orði og verki njóti þess við ákvörðun refsingar.

Þótt dómurinn geti þannig staðfest frá refsiréttarlegu sjónarmiði að þau sjónarmið sem dómurinn beitir geti að sínu leyti verið réttmæt, er dómurinn ekki hafinn yfir gagnrýni. Einkum vaknar sú spurning hvort hann sé í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í þessum málaflokki á síðustu árum.

Grunnurinn að þessari þróun eru m.a. annars breytingar sem gerðar voru á kynferðisbrotakafli

hegningarlaganna með lögum nr. 61/2007. Ýmis nýmæli var þar finna, en m.a. var mælt fyrir um þyngingu refsingar fyrir sum brot, auk þess sem ákveðið var að viss alvarleg brot skyldu ekki fyrnast. Má ætla að í þessu hafi falist þau skilaboð löggjafans að harðar skyldi tekið á málum en áður. Í öðru lagi fer tæpast á milli mála að dómur í málum af þessu tagi hafa verið að þyngjast undanfarin ár. Í þriðja lagi má segja að umræðan undanfarin ár hafi í æríkara mæli tekið mið af fórnarlömbum þessara brota þar sem aukin vitund, þekking og umræða um langvarandi og alvarlegar

afleiðingar þessara brota fyrir þolendur þeirra hefur haft vaxandi þýðingu við stefnumótun og réttarfrankvæmd í þessum málaflokki.

Brot sakfellda í þessu máli voru að sönnu alvarleg. Um var að ræða mann um sextugt sem keypti vændisþjónustu af dreng á fermingaráldri. Augljóslega var hann í yfirburðastöðu og nýtti sér varnarleysi og þroskaleysi hins unga pilts, en gera má ráð fyrir að afleiðingar brotsins fyrir piltinn geti orðið bæði langvarandi og erfiðar viðfangs. Má geta þess að löggjöf er leggur bann við því að fullorðnir stundi kynlíf með

börnum er á því reist að vernda þurfi barnið óháð viljaafstöðu þess til þátttöku í kynlífsathöfnum.

Í ljósi alvarleika brotsins og þess sem ætla má að hafi verið eindreginn brotavilji á gerandinn sér í raun fáar málsbætur að því er best verður séð sé miðað við sambærileg mál. Því er það réttmæt spurning hvort ekki voru skilyrði til þess að ganga lengra en að dæma í lægstu mögulegu refsingu, sem og skilorðsbinda hana að öllu leyti. Færa má rök fyrir því að það hefði verið í betra samræmi við þá þróun sem hefur orðið í þessum málaflokki undanfarin ár.

Opinn fundur í Salnum í kvöld

Opinn fundur Landsbankans um fjárfestingu, nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífsins verður haldinn í Salnum, Kópavogi í kvöld 20. febrúar kl. 20.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í 410 4000.



Dagskrá fundarins

- 19:30** Húsið opnar
- 20:00** Steinþór Pálsson
Landsbankinn heldur áfram
- 20:15** Helga Valfells, Nýsköpunarsjóði
Nýsköpunarsamfélagið á Íslandi
- 20:45** Margrét O. Ásgeirsdóttir
Nýsköpunarþjónusta Landsbankans
- 21:00** Steinunn Sigurðardóttir
Steinunn
- 21:10** Þórhallur Ágústsson
Caoz
- 21:20** Pallborðsumræður með fyrirlesurum og stjórnendum bankans

Allir velkomnir



24 SÖNGKONAN RIHANNA er 24 ára í dag.
„Ég er barn en ég verð að hugsa og hegða mér eins og kona. Þessi bransi krefst þess af mér.“

Merkisatburðir

- 1882** Kaupfélag Þingeyinga, fyrsta íslenska kaupfélagið, var stofnað að Þverá í Laxárdal.
- 1911** Fiskifélag Íslands var stofnað til að „styðja og efla allt það er verða má til framfara og umbóta í fiskveiðum Íslendinga“.
- 1933** Adolf Hitler hitti þýska iðnjöfra á leyningum fundum til að fjármagna komandi kosningabaráttu nasistaflokksins.
- 1943** Skömmun hófst á bensíni á Íslandi. Eigendur smábifreiða fengu 1,5 lítra á dag.
- 1991** Þyrla landhelgisgæslunnar þjargaði átta manna áhöfn Steindórs GK sem strandaði við Krýsuvíkurbjarg.
- 2010** 43 manns látast eftir í flóðum og aurskriðum í kjölfar mikilla rigninga á Madeiraeyjum.

ÞETTA GERÐIST: 20. FEBRÚAR 2011

Forsetinn synjar í annað sinn

Á þessum degi fyrir einu ári síðan synjaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Icesave-lögum staðfestingar í annað sinn. Þar með varð ljóst að þjóðaratkvæðagreiðsla færir fram um málið. Þegar Alþingi samþykkti samningana um Icesave í vikunni á undan voru lagðar fram tvær tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna málsins. Þær voru báðar felldar með 33 atkvæðum gegn 30. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðargildi

laganna var haldin 9. apríl 2011. Lögum var hafnað með um 60 prósentum atkvæða á móti 40 prósentum, sem var meira en skoðanakannanir höfðu gefið til kynna. Þess er nú beðið að málið verði tekið fyrir hjá EFTA-dómstólum en ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur gefið út að ekki verði beðið eftir uppgjöri þrotabús Landsbankans, til að sjá hversu miklar endurheimturlur úr búinu verða. Greiðslur úr þrotabúinu eru þegar hafnar.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Sch. Thorsteinsson

Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,

lést sunnudaginn 12. febrúar. Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

Sigmundur Guðmundsson

Bergþóra Sigmundsdóttir Gunnar V. Johnsen
Egill P. Sigmundsson Petra Lind Einarsdóttir
Björg Sigmundsdóttir Már Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eigenmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Hilmar Björnsson

Víðihvammí 24, Kópavogi,

sem lést 13. febrúar, verður jarðsönginn 22. febrúar kl. 13.00 í Kópavogskirkju.

Fyrir hönd aðstandenda,

Marie Bögeskov
Emilía María Hilmarsdóttir Björn Eliasson
Björn Bögeskov Hilmarsson Ólöf Ævarsdóttir
Hjördís Hilmarsdóttir Tryggvi Rúnar Guðmundsson og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og mágkona,

Kristjana Guðrún

Benediktsdóttir

(Kidda)

Arnarsíðu 2B, Akureyri,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans fimmtudaginn 16. febrúar sl. Útförin fer fram frá Gleráarkirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 13.30.

Jóhann Benedikt Eðvarðsson

Eðvarð Eðvarðsson Elín Helga Hannesdóttir
Sævar Eðvarðsson
Sigrún Aðalsteinsdóttir
Ragnhildur Benediktsdóttir Einar Pálsson
Bára Benediktsdóttir Kristján Torfason
Viðir Benediktsson Jenný Ragnarsdóttir
Sigrún Benediktsdóttir Ari Jóhann Sigurðsson
Harpa María Benediktsdóttir
Andrea Ylfa Benediktsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



KRISTÍN R. VILHJÁLMSDÓTTIR: FAGNAR ALÞJÓÐLEGUM MÓÐURMÁLSDEGI

Móðurmál er lykill að góðu lífi

„Okkur langar að gera önnur móðurmál en íslensku sýnileg. Svo er þetta líka frábært tækifæri fyrir alla borgarbúa til að kynna tungumál og fólkinu sem talar þau,“ segir Kristín R. Vilhjálmssdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar hjá Borgarbókasafninu. Kristín er einn skipuleggjandi Alþjóðlega móðurmálsdagsins, sem haldinn er í Borgarbókasafninu á morgun, þriðjudaginn 21. febrúar, í samstarfi við félagið Móðurmál og fjölda einstaklinga. Markmið dagskrárinnar er að vekja athygli á tungumálum og menningarheiminum sem fylgja þeim og að skapa gleði og stolt hjá börnum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli.
„Við þurfum að virkja öll þessi tungumál sem eru hluti af okkar samfélagi. Við eigum svo mörg tvítyngd börn,“ segir Kristín. Sjálf er hún alin upp í

Danmörku, þó hún eigi íslenska foreldra, og hefur aldrei gengið í íslensku skóla. Hún þekkir vel reynsluheim tvítyngdra barna. „Þetta er mitt hjartans mál. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa ekki misst niður mitt móðurmál, þrátt fyrir að hafa ekki fengið móðurmálskennslu,“ segir Kristín. Þess má geta að hún talar fallega íslensku, sem er ótrúlegt í ljósi þess að hún hefur eingöngu búið hér á landi í fjögur ár af ævi sinni. Að mati Kristínar ætti að gera móðurmáli barna hátt undir höfði um leið og börn taka sín fyrstu skref í nýju landi. Það sé jafnt hagur barnanna sjálfra og samfélagsins, því börn sem séu fær í eigin móðurmáli séu líklegri til að læra íslensku vel. „Það er æskilegt að önnur móðurmál en íslenska séu metin í íslensku skólakerfinu, eins og til dæmis í valáföngum. Þetta getur verið lykilatriði fyrir bæði íslensku-

kunnáttu og sjálfsmynd barnanna, sem hvoru tveggja hefur mikil áhrif á hversu vel okkur gengur að skapa fyrirmyndar fjölmennings- og samfélags-“

Meðal þátttakenda í Alþjóðlega móðurmálsdeginum verður Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, en hún verður heiðursgestur samkomunnar. Dagskráin hefst klukkan 17 með skemmtiatríðum frá félaginu Móðurmál, en klukkan 17.30 hefst svo dagskrá á Tungumálatorgi. Þar verður hægt að fræðast um japönsku, ítölsku, tékknesku og mörg önnur tungumál, hlusta á sögur á ýmsum tungumálum, búa til ljód, fara í leiki og ýmislegt fleira. Þá verður hægt að kynna sér starfsemi Borgarbókasafnsins á sviði fjölmenningar, að því ógleymdu að hitta fólk frá öllum heimshornum og fræðast um menningu þess. holmfridur@frettabladid.is

300 ljóð og 80 ritgerðir

Rúmlega 300 ljóð og um 80 ritgerðir bárust í ljóða- og ritgerðasamkeppni Yrkjusjóds, sem efnt var til meðal grunnskólalabarna um allt land í haust. Verðlaun voru veitt í Norræna húsinu á föstudaginn og var það Sigurður Pálsson skáld sem veitti vinningshöfnum viðurkenningsarkjal. Auk þess hlutu vinningshafar 25.000 króna verðlaun til glaðnings sínum þakk. Dómnafnd var skipuð Sigurði Pálssyni skáldi, Laufeyju Sigvalda-dóttur kennara og Sölva Birni Sigurðssyni rithöfund. Keppt var í tveimur flokkum, miðstigi og efsta

stigi, og þemað var „Þetta gerir skógurinn fyrir mig“. Verðlaun á miðstigi, 5.-7. bekk, hlutu Áslaug Erla Haraldsdóttir, Grandaskóla, fyrir ljóð og Andrea Dís Steinarsdóttir, Klébergsskóla, fyrir ritgerð. Á efsta stigi, 8.-10. bekk, hlutu Hafþór Gísli Hafþórsson, Norðlingaskóla, verðlaun fyrir ljóð og Halldór Smári Arnarsson, Landakotsskóla, fyrir ritgerð.

Tilfni samkeppinnar var Alþjóðlegt ár skóga 2011, þar sem þemað var „Þetta gerir skógurinn fyrir þig“, og tuttugu ára afmæli Yrkjusjóds sem er á þessu ári. -fsb



VERÐLAUNAHAFAR Í LJÓÐA- OG RITGERÐASAMKEPPNI YRKJUSJÓDS
Frá vinstri Halldór Smári Arnarsson, Áslaug Erla Haraldsdóttir og Hafþór Gísli Hafþórsson. Fjórdi verðlaunahafinn, Andrea Dís Steinarsdóttir, átti ekki heimangengt. FRÉTTABLAÐI@VAL



Staffan Holm kynnti nýja stóllínu á húsgagna-sýningunni í Stokkhólmi á dögunum. Línan ber nafnið Spin en um er að ræða litríka kolla sem hægt er að raða hverjum ofan á annan og mynda þeir þá nokkurs konar spíral. Þeir eru einnig til sem barstólar. Holm hannar Spin fyrir fyrirtækið Swedese.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Myndlistarvörur í miklu úrvali !

LISTALAGERINN
JARN&GLER
Skútvogur 1h (Barkavogsmegin)
104 Reykjavík s: 58 58 900
www.jamgler.is - jamgler@jamgler.is



Inga María Brynjarsdóttir teiknar skordýr og aðrar óaðlaðandi skepnur með karakter.

Hrífst af því sem öðrum finnst ógeðslegt

Þetta byrjaði með pennateikningum af upphugsuðum dýrum en hefur smám saman þróast yfir í að eiga raunveruleg dýr að fyrirmynd,“ segir Inga María Brynjarsdóttir teiknari, en blýantsteikningar hennar af alls kyns dýrum hafa vakið athygli undanfarið. „Dýrin eru auðþekktanleg á myndunum,“ segir Inga María, „en það er þó alltaf

FRAMHALD | 3



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hiti í bústaðinn

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastíllar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta



Rafhitun

íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitan.is

Gerð gæða- og verðsamanburð

Saga/Freyja/Þór hágæða heilsudýnur

Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
Verð á Queen 153x203 cm á íslenskum botni frá 129.900 kr.



Svefn & heilsa



www.svefn.is

12 mánaða vaxtalaugar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 • laugardaga 12.00 - 16.00



Hjálp náttúrunnar við aukakílóum



KONJAK

KONJAK er ný grenningarvara fyrir fullorðna í ofþyngd. KONJAK inniheldur náttúrulegar trefjar, (glucomannan) sem eru unnar úr konjak plöntunni sem vex í Asíu.

Þegar KONJAK er notað samhliða léttu mataræði má auka þyngdartap um allt að 60%. Það þýðir að fyrir hvert kíló sem þú missir af eigin rammleik getur þú með hjálp KONJAK misst allt að 1,6 kg.

Glucomannan eru fyrsta náttúrulega efnið sem sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hafa viðurkennt að raunverulega hjálpi við þyngdartap.

Glucomannan eru vatnsuppleysanlegar trefjar sem eru þeim eiginleikum búnað að þær geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast því massi sem fyllir upp í magann og flýttir fyrir seddu tilfinningu.

Notkun: 2 töflur með stóru vatnsglasi hálf tíma fyrir 3 stærstu máltíðir dagsins.

Frekari upplýsingar www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og á www.femin.is

HEIMILI

Moment eða augnablik er heiti þessa stóls. Hönnuður stólsins er Khodi Feiz. Á stólnum er áfast lítið borð sem hægt er að beina í tvær áttir.



Sýningarbás Tulipop var í höll ellefu á svokölluðu Young & Trendy-svæði sem mjög eftirsótt er að komast á, að sögn þeirra Signýjar og Helgu. „Eftir að við sendum út prufur buðu forsvarsmenn Ambiente okkur sérstaklega bás á svæðinu.“ Meðal annarra fyrirtækja sem sýndu í höll ellefu voru Normann Copenhagen og Pylones.

Tulipop vel tekið á Ambiente í Frankfurt

Viðtökur fóru fram úr björtustu vonum þegar hönnunarfyrirtækið Tulipop kynnti vörur sínar á sýningunni Ambiente í Frankfurt á dögunum. Stórir dreifingaraðilar vilja koma vörum Tulipop á framfæri í Evrópu.

„Þetta fór frekar rólega af stað en á þriðja degi varð allt vitlaust. Skyndilega vorum við umkringdar innkaupastjórum frá virtum hönnunarverslunum og blaðamönnum sem áttu ekki orð fyrir hrifningu. Einn sagði Tulipop vera svar Íslendinga við Múmín-álfunum. Annar keypti alla línuna eins og hún leggur sig með þeim orðum að hann festi eiginlega aldrei kaup á neinu á sýningunni sjálfri. Honum fannst hún svo flott að hann hreinlega stóðst ekki mátið,“ segir hönnuðurinn Signý Kolbeinsdóttir og annar eigandi íslenska hönnunarfyrirtækisins Tulipop.

Þar á Signý við þær glimrandi góðu viðtökur sem fyrirtækið hlaut á sýningunni Ambiente í Frankfurt á dögunum. Ambiente er ein stærsta og virtasta sýning heims á sviði gjafavöru, húsbúnaðar og borðbúnaðar og er sótt af um 145 þúsund verslanaeigendum og dreifingaraðilum hvaðanæva úr heiminum á ári hverju. Tulipop var eina íslenska fyrirtækið á sýningunni og náðu forsvars-



Fjöldi litríkra figúra býr í töfraheimi Tulipop, Bubble, Maddy, Skully og fleiri.

menn þess að landa mikilvægum samningum við virtar hönnunarverslanir á meginlandi Evrópu, þar á meðal við Klevering í Hollandi og Pylones á Ítalíu.

Að sögn Helgu Árnadóttur framkvæmdastjóra Tulipop á hugmyndafræði merkisins ekki síst þátt í þeim góðu viðtökum sem línun hlaut ytra en hún inniheldur meðal annars matarstell, diska-

mottur, lampa, minnisbækur og tækifæriskort fyrir börn og fullorðna. „Við kynntum Tulipop sem heilan ævintýraheim með þrettán figúrum sem hver og ein á sína sögu. Fólk kolféll fyrir þessari fantasíu.“

Stefan Nilson, einn helsti tískufrömuður Svía, hefur í kjölfarið birt myndir og jákvæða umfjöllun um Tulipop á vefsíðunni trendgruppen.se og útsendarar frá hinu virta bandaríska tímariti Gift Shop hafa sett diska frá Tulipop á lista yfir „skyldukaup“ fyrir vorið.

Þær Signý og Helga eiga nú í frekari samningaviðræðum við erlenda aðila sem hafa áhuga á að koma vörum Tulipop á framfæri. „Við verðum örugglega að fara í gegnum öll tilboðin á næstu vikum,“ segir Helga og bætir við að Ambiente muni klárlega opna fyrirtækinu margar nýjar dyr í Evrópu en vörur Tulipop eru nú seldar í verslunum í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Svíþjóð og á Írlandi auk Íslands.

roald@frettabladid.is

Betra start fyrir þig og þína

TUDOR er hannaður til þess að þola það álag sem kaldar nætur skapa. Forðastu óvæntar uppakomur.

TUDOR - betra start!

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfða 12 110 RVIK 5771515 skorri.is

opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurbær Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 6751



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen
Sölufturur
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsón
Sölufturur
Sími 892 1931



Eggert Maríuson
Sölufturur
Sími 690 1472



Friðbert Bragason
Sölufturur
Sími 820 6022

Við erum Landmark*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðabjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.

RE/MAX
Senter



Ástþór Reynir
Guðmundsson
Lögg. fasteignasali

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Söluverðmetum eign þína
þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772



Auður Kristinsdóttir
Sölufturur RE/MAX

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
Sölufturur RE/MAX Senter



Húsið er á tveimur hæðum, bjart og rúmgott.



Húsinu fylgir tvöfaldur, innbyggður bílskúr.

Tveggja hæða einbýli með stórkostlegu útsýni

Fasteignasalan Eignamiðlun kynnir einbýlishús
við Eikarás 7 í Garðabæ.

Húsið er á tveimur hæðum, skráð 299,5 fermetrar og þar af er íbúð 257,2 og bílskúr 42,3 fermetrar.

Á efri hæð er anddyri, eldhús, borðstofa, bókaherbergi, gestabáðherbergi, hjónaherbergi, fataherbergi, baðherbergi hjóna, barnaherbergi, þvottaherbergi og tvöfaldur innbyggður bílskúr. Á neðri hæð eru tvö svefnherbergi, stór stofa, sjónvarpsstofa og

frístunda-herbergi með gufu og snyrtingu innaf. Auk þess er sér stúdíó íbúð sem gengið er í frá vestur hlið hússins.

Auk þess er sér stúdíó íbúð sem gengið er í frá vestur hlið hússins. Þess má geta að frístunda-herbergið er 100 fm óskráð rými og eignin því um 400 fm í heildina.

Öll gólf utan baðherbergja eru parketlögð. Gólfhiti er í öllu húsinu. Skynjari er í lýsingu, meðal annars í forstofu. Útsýni er gott og óhindrað til suðurs og vesturs.

Bílaplanið er hellulagt og með hita.

Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.
Verðmót fasteigna.
Pend.is – 588 1200

heimili
FASTEIGNASALA

530 6500

Suðurlandsbraut 22
Opíð mán. – fös. frá kl. 9-17
www.heimili.is



Bogi Molby
Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi
Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
Sölufturur og
lögg. leigumiðlari.



Ásdís Irene
Sigurðardóttir
skjalagerð



Gústaf Adolf
Björnsson
lögg. fasteignasali



Logafold 174 - Opíð hús
Gott 170 fm einbýli á eini hæð með innbyggðum 24 fm bílskúr. Fjögur góð herbergi og fallegur garður með sólpöllum, stórt hellulagt upphitað bílapalan. V. 51,0 m.
Til sýnis í dag frá 17.30 til 18.00



Gvendargeisli - 3ja herb jarðhæð
Vönduð rúmgóð 120 fm íbúð á jarðhæð með sérgarði. Staði í bílskýli, afgirtur sólpallur, vandaðar innréttingar og gólfefni. Móguleg skipti á stærri eign.



Laufengi - 4ra herb.
Vel skipulögð 110 fm endaíbúð á jarðhæð. Þrjú góð svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar. Sérinn-gangur, sérgarður og hellulögð verönd. Stutt í alla þjónustu. V. 25,5m.



Fensalir - 2ja - 3ja herb.
Stór vönduð 97 fm endaíbúð á jarðhæð með sérinn-gangi. Stór 40 fm sólpallur með íbúðinni. Gott lítið fjölbýli. Auðveld fjármögnun. V. 23,9 m.



Hringbraut Hfj. - 3ja herb.
Nýleg 80 fm íbúð með sérinn-gangi og staði í bílskýli. Íbúðin er skemmtilega hönnuð á tveimur hæðum sem veitir útleigu móguleika.



Rjúpnahæð 4 - Einbýli.
Vandað 250 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Húsið stendur á barnvænum góðum stað í Garðabæ. Vandaðar innréttingar og tæki. V. 74,0 m.



Sævargarðar 18 - Seltjarnarnesi.
Mjög fallegt og vel skipulagt raðhús á tveimur hæðum innst í botnlanga á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi. Áhv. mjög hagstæð lán. V 54 m.



Tröllakór - 2ja herb.
Stór vönduð 85 fm íbúð með sérinn-gangi og stórum svölum. Vönduð tæki og innréttingar. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. V. 21,9 m.



Lómasalir - parhús
Gott vel innréttað 190 fm parhús með innbyggðum bílskúr. parket og flisar á gólfum og eikarinnréttingar. V. 52,5 m. Góð áhvilandi lán. Móguleg skipti á minni eign í hverfinu.



Kamsvegur - Lítil útborgun.
Rúmgóð og björt 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýviðgerðu litlu fjölbýlishúsi byggðu árið 1980. Yfirtakanleg 22,4 m. V. 25,9 m.



Andrésarbrunnur - Bílskýli.
Falleg og vel skipulögð 5 herb. 127 fm íbúð í lyftuhúsi og meðfylgandi staði í lokuðu 3ja bíla bílskýli. V. 29,9 m. Laus til afhendingar.



Lyngdalur - endarahús
Fullbúið vandað 155 fm með innbyggðum bílskúr. Þrjú góð herbergi, sólpallur, heitur pottur o.fl. V. 29,9 m. Áhv. 26,0



Frostafold með bílskúr.
Mjög rúmgóð 107 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 25 fm bílskúr. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús innan íb. Stór stofa með suður-svölum, glæsilegt útsýni. Íbúðin er laus fljótlega. Verð 25,0 milljónir.



Hóferði - Einbýli í vesturbæ Kóp.
Sérlega vel skipulagt hús á góðum stað í vesturbæ Kóp. Fjögur svefnherbergi og stofur. Húsið er mikið endurnýjað. Stór og gróin lóð. Verð 39,0 milljónir.

3JA HERB.



Pórharsveigur.

Björt og vel skipulögð 84,3 fm. íbúð á 4. hæð, efsu, í góðu lyftuhúsi. Opíð eldhús með ljóstri viðarinnréttungu. 2 góð herbergi með skápum. Stofa og borðstofa með útgengi á suðursvalir með útsýni til suðurs og vesturs. Vel staðsett eign í nálægð við leik- og grunnskóla. Stæði í lokaðri bilageymslu.



Brekkubyggð -Garðabæ

92,0 fm íbúð með séringgangi og glæsilegu útsýni á göðum og grónum stað. Stór sér lóð fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottah., rúmgóða stofu, hol, 2 svefnh., rúmgóða stofu, eldhús og flíslagð bað. Útsýni út á sjóinn, að Snæfellsjökli, yfir borgina og víðar. Verð 23,9 millj.



Skólavörðustígur.

Falleg 78,4 fm. íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í nýlegu húsi í hjarta miðborgarinnar. Svalir út af stofu með útsýni til suðurs. Opíð eldhús með sprautulökkuðum innréttungum. Baðherbergi flíslagð í gólf og veggi. Sameign nýlega tekin í gegn. Verð 27,5 millj.



Kvisthagi- laus strax.

Mjög vel staðsett og vel skipulögð 87,2 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara í mikið endurnýjuðu fjórþíðshúsi í vesturborginni. Samliggjandi skiptanlegar stofur með rennihúð á milli. 1 svefnherbergi. Úr stofum er útgangur á sér verönd til suðurs. Laus til afhendingar fjótlega. Verð 24,9 millj.



Naustabryggja.

Góð 93,7 fm. íbúð á 2. hæð auk 8,1 fm. sér geymslu í góðu fjölþíðshúsi í Bryggjuverfinu. Allar innréttingar og hurðir eru spónlagðar með maghony. Eikarparket og flísar á gólfum. Svalir til vesturs út af stofu. Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér stæði í bilageymslu. Verð 26,9 millj.



Hjallabrekka - Kópavogi. 3ja herb. íbúð með séringgangi

Mikið endurnýjuð og vel staðsett 110 fm. íbúð á 2. hæð, íbúð 0202. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með nýrri sprautulakkaðri innréttungu og göðum borðkrók. Þvottaðstaða innan íbúðar. Hiti í gólfum að hluta. Sér bílastæði og sér útgeymsla. Verð 24,9 millj.



Laufengi – útsýnisíbúð

Góð 95,9 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð að meðaltalni sér geymslu í litlu fjölþíðshúsi með sameiginlegu yfirbyggðu stæði í Grafarvogi. Eldhús með göðum borðkrók. Suðvestursvalir út af stofu með útsýni til sjávar. Opíð eldhús við stofu með eikarinnréttungum. 2 herbergi. Geymsla innan þvottaherbergi. Laus til afhendingar strax. Verð 21,9 millj.



Bjarkarás – Garðabæ. Efri sérhæð.

Falleg 145,0 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi í nýlegu og vönduðu litlu fjölþíðshúsi. Sér stæði í lokaðri og upphitaðri bilageymslu fylgir íbúðinni. Stórar svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opíð eldhús við stofu með eikarinnréttungum. 2 herbergi. Geymsla innan þvottaherbergi. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 47,9 millj.



Hringbraut

Góð 76,4 fm. íbúð á miðhæð í þrjúþíðshúsi við Hringbraut. Tvær skiptanlegar stofur með útgengi á svalir til suðausturs og rúmgott svefnherbergi. Sér geymsla í sameign. Prefalt gler í gluggum. Verð 18,9 millj.



Hjallavegur.

Góð 59,0 fm. íbúð á efstu hæð í góðu þrjúþíðshúsi á þessum eftirsóttu stað. Um er að ræða mjög fallega og vel umgengna íbúð í i upprunalegum stíl frá árinu 1965. Góðar svalir í suðaustur út af stofu. Þvottaðstaða á baðherbergi. 2 svefnherbergi. Verð 18,5 millj.

2JA HERB.

Sóleyjarimi 11 - Góð 2ja herbergja íbúð



OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Góð 82,8 fm. íbúð á 1. hæð með séringgangi í nýlegu fjölþíðshúsi í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, opíð eldhús, rúmgóða stofu/borðstofu með útgangi á yfirbyggðar svalir, svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Sér stæði í bilageymslu. Íbúðin er laus til afhendingar nú þegar. Verð 22,9 millj. ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG. ÍBÚÐ MERKT 0103. SÖLUMADUR VERÐUR Á STAÐNUM. VERIÐ VELKOMIN.



Njálsgata 3- endurnýjuð íbúð.

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 18.00-19.00

Falleg og björt 69,7 fm. íbúð á 1. hæð á þessum eftirsóttu stað í miðbænum. Íbúðin var nánast öll tekin í gegn að innan árið 2004. Nýtt rafmagn sett í á sama tíma. Hátt til lofts og góð lýsing. Stór bakgarður með mikla möguleika. Nýlegt gler í gluggum. Verð 21,0 millj. ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG. VERIÐ VELKOMIN.



Nýbýlavegur –Kópavogi.

2ja herb. íbúð með séringgangi ásamt íbúðarherbergi og sér geymslu á jarðhæð. 20,9 fm. bílskur. Birt stærð 98,3 fm. Góðar svalir til suðurs. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Nýlegt parket á gólfum. Verð 22,9 millj.



Stelkshólar.

Falleg og björt 65,5 fm. íbúð í litlu fjölþíðshúsi með góðu útsýni til austurs. Björt stofa og borðstofa með útgengi á suðaustursvalir. Opíð eldhús að hluta. Rúmgott hjónaherbergi. Sameign snyrtileg. Fin fyrstu kaup. Laus fjótlega. Verð 14,9 millj.



Grandavegur- laus strax.

Góð 80,3 fm. íbúð á 1. hæð (jarðhæð) í góðu fjölþíðshúsi í vesturbænum. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Rúmgott svefnherbergi. Hellulögð verönd til vesturs út af stofu. Verð 23,5 millj.



Suðurlíð – laus strax.

Vel staðsett 54,8 fm. íbúð á jarðhæð í Suðurlíðunum í göngufæri við Háskólann í Reykjavík. Björt stofa með opnum eldhúskrök, flíslagð baðherbergi og rúmgott svefnherbergi. Lóð hellulögð og sólrik. Góð aðkoma. Verð 14,7 millj.

EIGNIR ÓSKAST

AUSTURSTRÖND- SELTJARNARNESI
4RA HERBERGJA ÍBÚÐ ÓSKAST FYRIR TRAUSTAN
KAUPANDA.

3500-5000 FM.SKRIFSTOFUHUÐSNÆÐI
ÓSKAST FYRIR TRAUSTAN LEIGUTAKA INNAN ELLIÐAÁÁ.
HELST Í SÉRSTÆÐU HÚSI.

ATVINNUHUÐSNÆÐI MEÐ TRAUSTUM LEIGUSAMNINGUM
FYRIR FJÁRFESTA

SJÁLAND-GARÐABÆ
ÍBÚÐ ÓSKAST Á EFSTU HÆÐ MEÐ SUÐURSVÖLUM
EÐA ÞAKGARÐI 150 FM. EÐA STÆRRI.

SELTJARNARNESI
ÓSKUM EFTIR SÉRHÆÐ, RAÐHÚSI EÐA PARHÚSI
Á SELTJARNARNESI FYRIR TRAUSTAN KAUPANDA

EINBYLISHÚS, RAÐHÚS OG PARHÚS Í GARÐABÆ

3JA – 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM Á SELTJARNARNESI

LAUGAVEGUR – BANKASTRÆTI
VERSLUNARHUÐSNÆÐI ÓSKAST NEÐARLEGA VIÐ
LAUGAVEG EÐA BANKASTRÆTI

4RA HERBERGJA ÍBÚÐ ÓSKAST Á SELTJARNARNESI
EÐA VESTARLEGA Í VESTURBÆNUM. MÁ VERA Í
LYFTUHÚSI.

2JA ,3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR ÓSKAST Í
101,104,105,107 OG 108 FYRIR FJÁRFESTA

ELDRI BORGARAR



Hjallabraut – Hafnarfirði. 3ja herbergja

3ja herbergja 79,2 fm. íbúð á jarðhæð í fjölþíðshúsi fyrir eldri borgara. Svalir út af stofu.Þvottaðstaða á baðherbergi. Í húsinu er m.a. matsalur, sameiginleg setustofa og hárgreiðslustofa. Góðar gönguleiðir í nágrenninu. Laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 21,8 millj.



Skúlagata – 3ja herb. íbúð

Vel skipulögð 89,1 fm. íbúð á 3. hæð í húsi fyrir eldri borgara. Íbúðin nær í gegnum húsið frá norðri til suðurs. Flíslagðar og yfirbyggðar svalir eru til suðurs og frábært útsýni út á sundin til norðurs. Húsvörður. Verð 28,9 millj.



Sigurður Lögg. fasteignasali 898 6106 Hafðís Sölustjóri 895 6107 Árni Lögg. fasteignasali 893 4416 Dórothea Sölufulltrúi 898 3326 Berglind Lögg. fasteignasali 694 4000 Halla Lögg. fasteignasali 659 4044 Jóhanna Lögg. fasteignasali 698 7695 Óskar Sölufulltrúi 893 2499 Sigríður Sölufulltrúi 699 4610 Sigurbjörn Sölufulltrúi 867 3707 Póra Lögg. fasteignasali 822 2225 Þorsteinn Sölufulltrúi 694 4700 Bjarni Tómas Sölufulltrúi 895 9120 Edda Sölufulltrúi 660 0700

<p>Lundur 86-92 – 200 Kóp Verð frá kr. 29,5 -78 m</p> <p>Herb. 3-5 Stærð: 100,3-189,5 fm</p> <p>Bókið skoðun í gsm: 699-4610 Vandaðar og bjartar 3ja-6 herb. íbúðir með stæði í bílastæðahúsi. Þetta er vafalítið ein allra glæsilegustu staðsetningu íbúðarbyggðar á höfuðborgarsvæðinu. Lundur 86-92 eru þrjú 4ra-6 hæða fjölbyggingar með samtals 52 íbúðum. Fallegar eikarinnréttingar en íbúðirnar skilast á gólfena nema á baði og á þvottahúsi. Uppl. Sigga Rut í gsm: 699 4610</p>	<p>Ásakór 3 – 203 Kóp Verð: 39,9 m</p> <p>Herb. 5 Stærð: 187,5 fm</p> <p>HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKODUN Fallega 5 herbergja útsýnisbúð á 4. hæð í lyftuhúsi með bílskúr. Íbúðin er afar rúmgóð með fjórum svefnherbergjum. Glæsilegt útsýni og stórar suðursvalir. Gólfefni eru flisar og eikarparket. Ýmis afþreying eins og golfvöllurinn, hesthúsabyggð, Íþróttakademian Kórin og sundlaug eru á næsta leiði. Uppl. Sigga Rut gsm: 699 4610</p>	<p>Línakur 3a – 210 Gbæ Verð: 38,5 m</p> <p>Herb. 4 Stærð: 132,3 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð 20.feb. kl 17.30-18.00 Stórglæsileg 4ra herbergja endalbúð á efstu hæð (3.hæð) í Akralandi. Íbúðin er með sérinnangi af svólum. Einstakt útsýni er frá íbúðinni yfir Garðabæ og Kópavog. Íbúðin er sérstök að því leiti að öll rými hennar eru með glugga. Stórar útsýnissvalir snúa til suðurs út frá stofu. Stutt í leikskóla, skóla og fjölbraut. Uppl. Berglind gsm 694 4000</p>
---	--	---

<p>Sólvallagata 66 – 101 Rvk Verð: 24,7 m</p> <p>Herb. 4 Stærð: 102,0 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð 20.feb kl 18.30-19.00 Rúmgóð og björt íbúð á 2.hæð í fjölbyggingu á frábærum stað í Vesturbænum. Tvær stofur og tvö svefnherbergi með parketi á gólf. Nýleg stáltæki í eldhúsi, keramikhelluborð og tengi fyrir þvottavél og uppþvottavél. Tvennar svalir eru á íbúðinni og býið að skipta um glugga og ofna. Möguleiki að yfirtaka ca 16.000.000 kr lán. Uppl. Hafðís gsm 895 6107</p>	<p>Ásakór 9 – 203 Kóp Verð: 37,5 m</p> <p>Herb. 5 Stærð: 154,5 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð 20.feb. kl 18.30-19.00 Einstaklega falleg og rúmgóð 5 herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Húsið er á frábærum útsýnisstað við golfvöllinn í Kópavogi. Stórar suðursvalir og góðar eikarinnréttingar. Eignin er öll mjög vel um gengir og frágangur allur til fyrirmyndar. Óruttur er út á golfvöllinn, verslun, íþróttasvæði og sundlaug. Bjarni gsm 895 9120</p>	<p>Kópavogsbraut 87 – 200 Kóp Verð: 37 m</p> <p>Herb. 5 Stærð: 154,5 fm Bílskúr</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð 20.feb. kl 18.30-19.00 Stórglæsileg mikið endurnýjuð 5 herbergja sérhæð á 2.hæð (efstu hæð) með sérinnangi og bílskúr á eftirsóttum stað í Vesturbæ Kópavogs. 4 svefnherb. og 1 stofu. Eldhús, baðherb., gólfefni og sápur eru endurnýjaðir. Stærð íbúðar: 119,5 fm + bílskúr: 35 fm = 154,5 fm. Undir bílskúrnum er gryfja sem er með sirka 2,1 m loftshæð. Uppl. Berglind gsm 694 4000</p>
---	---	---

<p>Breiðvangur 30 – 220 Hfj Verð: 22,9 m</p> <p>Herb. 4 Stærð: 131,7 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð 20 feb kl 17.30-18.00 Falleg 4ja herb endalbúð á annari hæð í fjölbyggingu sem er vel staðsett í norðurbæ Hafnarfjarðar. Eigninni fylgir bílskúr og þvottahús er innan íbúðar. Gólfefni er parket, flisar og dúkur. Stutt er í skóla og alla þjónustu. Uppl. Hafðís gsm 895 6107</p>	<p>Krjúás 45 – 221 Hfj Verð: 25,9 m</p> <p>Herb. 4 Stærð: 104,3 1fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð. 20. feb. kl. 17:30-18:00 Sérlega rúmgóð og björt endalbúð á á annari hæð innst í Áslandinu með útsýni yfir höfuðborgarsvæðið. Parket og flisar á gólfum og vandaðar innréttingar. Sérinnangur af svólum. Svalir í suðvestur. Laus strax! Uppl. Bjarni gsm: 895 9120</p>	<p>Naustabryggja 57 – 110 Rvk Verð: 21,3 m</p> <p>Herb. 3 Stærð: 82,7 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð 20.feb kl. 17:30-18:00 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í lyftuhúsi með fallegu útsýni út á Elliðaárdvögin. Eldhús opið við stofu með eldunareyju. Baðherbgi með tengi f. þvottavél. Hjónaherbgi með fatarherbgi. Sameiginleg hjóla- og vagnageymsla. Uppl. Dórothea gsm: 898 3326</p>	<p>Garðhús 12 – 112 Rvk Verð: 16,9 m</p> <p>Herb. 2 Stærð: 62,5 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð. 20.feb. frá kl. 18:30-19:00 Björt og velskipulögð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í góðu fjölbýli. Útgengi er út í sérgarð sem er að hluta hellulagður og að hluta tyrftur frá stofu. Þvottaherbgi er innan íbúðar. Falleg hvít innrétting er í eldhúsi. Uppl. Berglind gsm: 694 4000</p>
---	--	--	---

<p>Glítvellir 4 – 221 Hfj Verð: 24,6m</p> <p>Herb. 3 Stærð: 111,3 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð. 20.feb kl. 17:30-18:00 Eignin fæst gegn yfirtöku lána + 1.000.000. Falleg íbúð í nýlegu vönduðu fjölbýli á góðum stað á Völlum. Sérinnangurur. Innbyggð halogen lýsing í stofu og herbgi. Gólfhit í allri íbúðinni. Baðkar og sturtu á baðherbergi. Uppl. Hafðís gsm: 895 6107</p>	<p>Digranesvegur 20 – 200 Kóp Verð: 43,0m</p> <p>Herb. 5-6 + Bílskúr</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð. 20. feb kl. 17:30-18:00 SÉRHAÐ – Lúxus íbúð; 179,7fm þar af 23,4fm bílskúr. Parket á öllu sem er ekki sérstaklega flíslagt. 2 svefnherb. (3 á teikn.) 3 stofur. Svalir og verönd 37,0fm með óhindruðu suður- og vestur útsýni. Skoðið nánar á fastorg.is Uppl. Sigurbjörn gsm: 867 3707</p>	<p>Grandavegur 47 – 107 Rvk Verð: 26,9 m</p> <p>Herb. 3 Stærð: 111,1 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð. 20.feb kl. 18:30-19:00 Fjölbýli 60+. Eignin er laus við kaupsamning. 86,9 fm 3ja herb. íbúð á 1.hæð með 24,2 fm bílskúr. Mótuneyti á efstu hæð, sameiginleg gufa, tæki og heitur pottur út á verönd. Hárgreiðslustofa og sjúkrahjálfi eru í húsinu. Uppl. Dórothea gsm. 898 3326</p>	<p>Blikaás 25 – 221 Hfj Verð: 21,9 m</p> <p>Herb. 3 Stærð: 85,7 fm</p> <p>OPIÐ HÚS OPIÐ HÚS mánuð. 20.feb. kl.19:30-20:00 Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð með sérinnangi á 2.hæð(efstu) í góðu fjölbýli. Glæsilegt útsýni er frá eldhúsi yfir Hafnarfjörðin og út á sjóinn og Snæfellsjökul. Stórt þvottahús er innan íbúðar. Parket er á gólfum. Uppl. Berglind gsm: 694 4000</p>
---	--	--	--

